



# ÁRSSKÝRSLA KSÍ 2015 SKÝRSLA STJÓRNAR



BORGUN



ICELANDAIR



# Sífelld sótt fram...

Loksins er Ísland á meðal þátttökubjóða í úrslitakeppni Evrópumóts karla í knattspyrnu. Það var stór stund þegar dómariinn flautaði til leiksloka á Laugardalsvelli 6. september síðastliðinn. Markalaust jafntefli Íslands og Kasakstan var staðreynd og íslenska landsliðið hafði tryggt sér sæti í úrslitakeppni EM 2016 í Frakklandi. Liðið var þá nýkomið heim frá Amsterdam þar sem það vann einn sinn stærsta sigur, 1-0, á HM bronsliði Hollands. Þetta var stór áfangi fyrir íslenska knattspyrnu og athygli knattspyrnuheimsins beindist enn frekar að Íslandi. Eftir lokaleikina í október hafnaði lið Íslands síðan í 2. sæti í sínum riðli eftir 6 sigurleiki, 2 jafntefli og 2 ósigra; með markatöluna 17-6. Glæsilegur árangur liðsins undir stjórn Lars og Heimis. Framundan er því þátttaka í úrslitakeppni í júní og þar verða mótherjar okkar Portúgal, Ungverjaland og Austurríki. Ljóst er að mikill fjöldi Íslendinga mun fylgja liðinu til Frakklands. Síðastliðið sumar var svo dregið í riðla í undankeppni HM 2018. Mótherjar Íslands verða Króatía, Úkraína, Tyrkland og Finnland. Efst liðið í riðlinum kemst til Rússlands þar sem úrslitakeppnin fer fram, auk þess sem þau 8 lið sem bestum árangri ná í öðru sæti í riðlunum 9 leika í umspili um 4 sæti í HM. Það verður því lítið hlé hjá liðinu eftir EM en fyrsti leikur í undankeppni HM fer fram í Úkraínu 5. september næstkomandi.



**Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ**

A landslið kvenna byrjaði vel í undankeppni EM 2017, en úrslitakeppnin fer fram í Hollandi og í fyrsta sinn verða þátttökubjóðirnar 16 talsins í stað 12 áður. Ísland lék 3 leiki og vann öruggan sigur í þeim öllum. Skotland verður augljóslega aðal keppinautur okkar liðs en skoska liðið hefur unnið 4 fyrstu leiki sína. Lið Íslands og Skotlands munu mætast tvisvar á árinu 2016 og munu þeir leikur væntanlega ráða úrslitum í riðlinum. Efst lið hvers riðils kemst í úrslitakeppnina auk þeirra 6 liða sem bestum árangri ná í öðru sæti í riðlunum átta. Þau 2 lið sem þá standa eftir og hafna í öðru sæti í sínum riðlum leika í umspili um síðasta sætið í úrslitakeppninni. Framundan eru því mikilvægir leikir hjá íslenska liðinu, sem ætlar sér til Hollands.

Byrjun strákanna í U21 landsliði karla í undankeppni EM 2017 lofar góðu. Liðið er sem stendur í efsta sæti síns riðils með 11 stig eftir 5 umferðir og er eina taplaus liðið. Frækinn sigur á landsliði Frakklands á Kópavogsvelli í byrjun september á sl. ári sýndi vel hvað býr í liðinu og strákarnir eru til alls vísir. Framundan eru þrjú leikir á útivelli og síðan lýkur keppninni með tveimur heimaleikjum í október 2016. Úrslitakeppnin fer fram í Póllandi 2017 og þar munu 12 lið taka þátt, en í síðustu keppnum hafa liðin verið 8. Sigurvegarar í riðlunum 9 komast beint í úrslit auk þess sem þau 4 lið sem bestum árangri ná í 2. sæti riðlanna leika í umspili um tvö sæti.

KSÍ hélt úrslitakeppni Evrópumóts U17 landsliða kvenna 2015 í Reykjavík, Kópavogi, Grindavík og á Akranesi. Auk Íslands tóku landslið frá Englandi, Frakklandi, Þýskalandi, Spáni, Sviss, Írlandi og Noregi þátt í keppninni. Leikið var í tveimur fjögurra liða riðlum. Keppnin var mikil reynsla fyrir íslensku stúlkurnar en liðið beið lægri hlut í öllum sínum leikjum. Til úrslita léku Spánn og Sviss. Spánn var með yfirburðalið og vann öruggan sigur. Keppnin tókst í alla staði vel og lögðu mörg aðildarfélög KSÍ sitt af mörkum. Þau eiga þakkir skildar sem og mikill fjöldi sjálfboðaliða sem vann við mótið. Alls mættu rúmlega 6.000 áhorfendur á leikina 15. U17 landslið kvenna og U17 landslið karla komust árinu áfram úr undankeppni EM 2015/16 og leika í milliriðlum í vor.

Árangur landsliða Íslands á síðustu árum hefur vakið mikla athygli. Þegar svo A landslið karla komst í úrslitakeppni EM og varð lið númer þrjú í röðinni til þess að vinna sér inn þann rétt, fjölgaði mjög fyrirspurnum og óskum um viðtöl til KSÍ. Fjölmiðlar, forystumenn annarra knattspyrnusambanda og áhugafólk leituðu skýringa og svara. Reynt hefur verið að sinna þessum erindum af kostgæfni og hróður íslenskrar knattspyrnu hefur víða farið. En þátttaka á stórmóti hefur einnig leitt til aukins álags á ýmsum öðrum sviðum og ljóst er að verkefnið er umfangsmikið fyrir lítið knattspyrnusamband. Það verður hins vegar allt gert til þess að þátttaka Íslands verði vel skipulögð og undirbúningur liðsins eins og best verður á kosið.

Eins og oft hefur verið sagt er vel skipulagt mótahald hornsteinninn í starfsemi KSÍ og þar varð engin breyting á. Alls skipulagði KSÍ 5.300 leiki um allt land í samstarfi við aðildarfélögin. Slæmt ástand valla á Austurlandi setti svip sinn á upphaf Íslandsmótsins sem annars fór hefðbundið fram. Keppnin var jöfn og skemmtileg. FH varð Íslandsmeistari í næstsíðustu umferð Pepsi-deildar karla eins og Breiðablik í Pepsi-deild kvenna. Valur varð bikarmeistari í meistaraflokki karla og Stjarnan í meistaraflokki kvenna. Verðskuldaða athygli vakti árangur Austfjarðaliða í deildarkeppninni, en Huginn og Leiknir F. unnu sér rétt til að leika í fyrsta sinn í 1. deild karla 2016. Aðsókn á leiki Pepsi-deildar karla var sú besta frá 2011 en að meðaltali mættu 1.107 áhorfendur á leik. Í Pepsi-deild kvenna var aðsóknin að meðaltali 190 áhorfendur á leik. Mikilvægur þáttur í starfi KSÍ er að standa vel að málefnum knattspyrnudómara þannig að þeir komi vel undirbúnir til leiks. Á árinu hófst nýtt átaksverkefni fyrir unga dómara og voru þátttakendur valdir úr hópi dómara á aldrinum 17-25 ára. Markmiðið er að reyna að auka gæði dómgaeslunnar á komandi árum.

Starfsemi KSÍ er fjölþætt á ýmsum sviðum og sífellt er sótt fram. Fræðslustarfið var öflugt á árinu, sérstaklega fyrir þjálfara og dómara, og voru fjölmörg námskeið haldin auk þátttöku í námskeiðum erlendis. Þjálfaraskóli KSÍ þar sem reyndari þjálfarar leiðbeina þjálfurum á vettvangi skipar æ veigameiri sess. Hæfileikamótun KSÍ er mikilvæg til að ná enn betur til yngri leikmanna og tóku fjölmargir krakkar þátt víðs vegar um landið. Mikil starfsemi KSÍ er í samræmi við ársreikning sambandsins. Rekstrarhagnaður var af hefðbundinni starfsemi upp á rúmar 156 m.kr. Með framlögum og styrkjum til aðildarfélaganna (um 28 m.kr. í mannvirki og um 147 m.kr. í aðra styrki) og fjármagnsliðum varð niðurstaðan hagnaður upp á 10,5 m.kr. Fjárhagsstaða KSÍ er traust við þessi tímamót.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélagunum fyrir gott knattspyrnustarf á starfsárinu. Það er fyrir þeirra mikla starf og skipulag sem íslensk knattspyrna uppsker svo ríkulega sem raun ber vitni. Samstarf við forystumenn félaganna var mikið og gott og ber að þakka þeim þeirra mikilvægu störf. Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim sem lagt hafa knattspyrnunni lið á árinu, s.s. dómurum, eftirlitsmönnum, nefndarmönnum, sjálfboðaliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, og að síðustu en ekki síst öllum þeim fjölda iðkenda sem leika knattspyrnu sér til skemmtunar.

Knattspyrnukveðja,  
Geir Þorsteinsson,  
formaður KSÍ

## Efnisyfirlit

Pistill formanns	2
A-landslið karla	4
EM U17 kvenna	7
A-landslið kvenna	8
Yngri landslið	10
Mótin innanlands	12
Evrópukeppnir	14

Stöðutöflur og nánari upplýsingar  
má finna á [www.ksi.is](http://www.ksi.is)

Árið sem leið	16
Dómaramál	24
Leyfiskerfi	26
Mannvirki	28
Fjármál	30
Ársreikningur	34

# A-LANDSLIÐ KARLA



# Ísland á EM...

A landslið karla náði á árinu þeim magnaða áfanga að tryggja sér, í fyrsta sinn í sögunni, sæti í úrslitakeppni stórmóts.

Liðið lék tvo vináttulandsleiki við Kanada í byrjun árs 2015 og fóru báðir leikirnir fram í Flórída í Bandaríkjunum. Þar vann íslenska liðið annan leikinn 2-1 en jafntefli var niðurstaðan í hinum leiknum. Þriðji vináttuleikurinn var gegn Eistlendingum á útivelli í lok mars og gerðu liðin 1-1 jafntefli. Fyrsti leikur ársins í undankeppni EM var þann 28. mars í Kasakstan, þremur dögum fyrir vináttuleikinn við Eistland. Mikill kuldi hafði ekki áhrif á leikinn sjálfan þar sem leikið var á glæsilegum yfirbyggðum leikvangi sem skartaði gervigrasi í hæsta gæðaflokki. Íslenska liðið kom vel stemmt til leiks og mörk frá Eiði Smára Guðjohnsen og Birki Bjarnasyni í fyrri hálfleik gáfu tóninn. Birkir skoraði þriðja mark Íslands í seinni hálfleiknum og Ísland vann öruggan þriggja marka sigur.

Fyrsti heimaleikur ársins var leikinn fyrir troðfullum Laugardalsvelli í júní. Það var sterkt lið Tékkar sem heimsótti Ísland, en eini ósigur Íslands í undankeppninni hafði einmitt verið gegn Tékkum á útivelli. Það var búist við erfiðum leik enda Tékkar á toppi riðilsins og virtust ætla að sigla lygnan sjó í vegferð sinni í undankeppni EM. Tékkarnir náðu forystu eftir tíu mínútna leik í seinni hálfleik, en fyrirliði íslenska liðsins, Aron Einar Gunnarsson, jafnaði metin fimm mínútum síðar með góðum skalla. Kolbeinn Sigþórsson tryggði sigur Íslands með marki á 76. mínútu er hann komst í gegnum vörn Tékkar og lék á hinn magnaða markmann Tékkar, Petr Cech. Niðurstaðan íslenskur sigur og markmið liðsins um að komast beint á EM var í sjónmáli.

Það má segja að næsti leikur hafi verið lykilleikur upp á framhaldið – útileikur gegn Hollendingum. Eins og í leiknum gegn Tékkum var búist



**>Íslenska karlalandsliðið var svo undir lok árs útnefnt lið ársins og Heimir Hallgrímsson var útnefndur þjálfari ársins af samtökum íþróttafréttamanna en knattspyrnufólk var áberandi á lista yfir íþróttafólk ársins.<**

við erfiðu verkefni enda Holland með bakið upp við vegg í riðlinum og ósigur gegn Íslandi myndi nánast gera út um möguleika liðsins til að komast áfram. Ekki byrjaði leikurinn vel fyrir Holland þegar varnarmaðurinn Bruno Martins Indi sló til Kolbeins Sigþórssonar á 33. mínútu leiksins og dómari átti ekki annan kost en að vísa Hollendingnum af velli. Íslenska liðið spilaði vel á Amsterdam Arena og á 51. mínútu var brotið á Birki Bjarnasyni í vítateig Hollands og dómari benti á vítapunktinn. Gylfi Þór Sigurðsson tók spyrnuna og skoraði. Holland náði ekki að jafna metin né Ísland að skora fleiri mörk og sögulegur sigur á Hollandi staðreynd. Hollendingar höfðu fram að þessu aldrei tapað leik í undankeppni stórmóts í Amsterdam, í 54 leikjum. Vel á fjórða þúsund Íslendinga mætti til Hollands til að styðja íslenska liðið og réðu þeir sér vart fyrir kæti.

Ísland komst einnig á topp riðilsins með sigrinum og þar með var ljóst að íslenska liðið þurfti ekki að treysta á úrslit úr öðrum leikjum í síðustu þremur leikjunum til að tryggja EM-sætið, eitt stig úr síðustu þremur leikjunum myndi duga til að tryggja farseðilinn til Frakklands.

## Mikilvægur sigur á Kasakstan

Næsti leikur var gegn Kasakstan á heimavelli og íslenska liðið vissi að eitt stig myndi duga. Bæði liðin fóru varfærnislega í allar aðgerðir og seinustu mínútur leiksins voru líklega ansi lengi að líða fyrir land og þjóð. En að lokum blés dómari í flautuna og markalaust jafntefli niðurstaðan. Það þýddi að Ísland var komið með stigið stóra og farseðilinn til Frakklands tryggður. Áhorfendur stóðu lengi í stúkunnni og samglöddust leikmönnum íslenska liðsins og hélt

fagnaðarhátíðin áfram fram eftir kvöldi en landsliðið var hyllt á Ingólfstorgi af fjölda stuðningsmanna sem margir hverjir héldu áfram að fagna fram undir morgun. Ísland var komið á EM 2016.

Tveir leikir voru þó eftir af keppninni og íslenska liðið gat enn tryggt sér efsta sæti riðilsins. Næst seinasti leikurinn var gegn Lettlandi á Laugardalsvelli og endaði hann 2-2. Ísland komst í 2-0 í leiknum með mörkum Kolbeins og Gylfa, en tvö mörk í seinni hálfleik frá gestunum þýddi að jafntefli var niðurstaðan. Við þessi úrslit komust Tékkar upp fyrir Íslendinga í efsta sætið.

### Mögnuð stemning í Konya

Seinasti leikurinn í undankeppni EM var í Konya í Tyrklandi. Gríðarleg stemning var á vellinum enda myndi sigur Tyrkja í það minnsta koma þeim í umspil um sæti á EM. Það var einungis eitt mark skorað í leiknum en það kom á 89. mínútu leiksins - glæsilegt mark beint úr aukaspyrnu. Niðurstaðan var 1-0 sigur heimamanna og þær fregnir bárust strax eftir leik að Tyrkir færu beint í úrslitakeppni EM sem liðið með besta árangur í 3. sæti riðlanna.

Tveir vináttuleikir voru síðan leiknir í nóvember þar sem Ísland tapaði 4-2 gegn Póllandi og 3-1 gegn Slóvakíu,

en báðar þessar þjóðir höfðu einnig tryggt sér farseðilinn til Frakklands á úrslitakeppni EM 2016.

Í desember var dregið í riðla fyrir úrslitakeppni EM 2016, en drátturinn fór fram í glæsilegri umgjörð í París. Ísland verður í riðli með Portúgal, Ungverjalandi og Austurríki og fara leikirnir fram í Saint-Etienne, Marseille og París. Opnað var fyrir umsóknir um miða á leikina og sóttu stuðningsmenn íslenska liðsins 25-30 þúsund miða samtals á leikina þrjá í riðlinum, eða milli 7 og 9 þúsund á hvern leik.

**>Dregið var í riðla fyrir undankeppni HM 2018 í júlímánuði og er íslenska liðið í riðli með Króatíu, Úkraínu, Tyrklandi og Finnlandi. Undankeppni HM hefst í september.<**



# EM U17 KVENNA...

## Úrslitakeppni EM U17 tókst með þrýði.

Úrslitakeppni EM U17 landsliða kvenna var haldin á Íslandi á liðnu ári og þótti takast vel til. Ísland dróst í erfiðan riðil með Englandi, Þýskalandi og Sviss en sýndi öllum þessum liðum verðuga mótspyrnu. Átta lið léku í riðlakeppni og fóru efstu tvö liðin úr hverjum riðli beint í undanúrslit. Í úrslitaleiknum mættust Spánn og Sviss og eftir æsispennandi leik höfðu Spánverjar betur og fögnuðu Evrópumeistaratitlinum.

Í mörg horn var að líta í framkvæmd mótsins sem var leikið í júní í Reykjavík, Grindavík, Kópavogi og á Akranesi og komu mjög margir að framkvæmd þess. Gríðarlega öflugt starf sjálfboðaliða og fulltrúa aðildarfélaga KSÍ var lykilkáttur í því að allt gekk vel fyrir sig. KSÍ vill þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við mótið fyrir frábært samstarf.



**>UEFA gerir afar strangar kröfur um alla þætti í umgjörð mótsins og á mótið kom öflugur starfshópur frá UEFA til að styðja KSÍ við framkvæmdina.<**



# A-LANDSLIÐ KVENNA



# Tveggja hesta hlaup...

A landslið kvenna hóf leik á árinu Algarve-mótinu í Portúgal. Liðið lenti í sterkum riðli með Noregi, Bandaríkjunum og Sviss og það var ljóst frá fyrsta leik að það yrði við ramman reip að draga. Fyrsti leikurinn var gegn Sviss og endaði hann með 2-0 tapi Íslands. Næst var komið að norska liðinu og þar kom eina mark leiksins á 9. mínútu og var það norska liðið sem náði að skora. Seinasti leikur Íslands var jafnframt besta frammistaða liðsins í riðlinum - gegn sterku liði Bandaríkjanna. Leiknum lauk með markalausum jafntefli þar sem íslenska liðið sýndi mikla baráttu og hefði með smá heppni geta lagt bandaríska liðið. Lokaleikurinn, sem var leikur um 9.-10. sæti mótsins, var gegn þáverandi heimsmeisturum Japans. Eftir markalausan fyrri hálfleik skoruðu Japanir tvö mörk í seinni hálfleik og tryggðu sér þar með sigur í leiknum.

Næsti leikur var vináttuleikur við Hollendinga sem leikinn var í Kórnum og vann Ísland 2-1 sigur þar sem gestirnir leiddu í hálfleik, en tvö mörk seint í leiknum, frá Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur og Söru Björk Gunnarsdóttur (víti) skópu íslenskan sigur. Í seinni vináttuleik ársins heimsóttu Slóvakar og vann Ísland öruggan 4-1 sigur með mörkum frá Söndru Maríu Jessen, Margréti Láru Viðarsdóttur og Hólmsfríði Magnúsdóttur (2).

Vináttuleikirnir tveir voru liður í lokaundirbúningi liðsins fyrir undankeppni EM 2017 sem hófst þann 22. september. Fyrsti leikurinn í undankeppninni var gegn Hvíta-Rússlandi á Laugardalsvelli og

vann Ísland öruggan 2-0 sigur með mörkum frá Hólmsfríði Magnúsdóttur og Dagnýju Brynjarsdóttur, en markatala leiksins segir ekki alla söguna um spilamennsku liðsins. Ísland hefði hæglega getað skorað fleiri mörk í leiknum en nokkur dauðafæri fóru í súginn. Við tóku tveir útileikir. Sá fyrri var gegn Makedóníu og lék íslenska liðið vel við erfiðar aðstæður og á rennblautum velli eftir miklar rigningar. Ísland skoraði fjögur mörk í fyrri hálfleik en hafði hægara um sig í seinni hálfleik og var niðurstaðan 0-4 sigur. Margrét Lára skoraði tvö mörk, en Harpa Þorsteinsdóttir og Glódís Perla Viggósdóttir sitt markið hvor.

Lokaleikur Íslands á árinu var gegn Slóveníu úti og var aldrei spurning hvort liðið myndi hafa sigur. Ísland komst yfir á 15. mínútu leiksins og leiddi 0-2 í hálfleik. Stelpurnar okkar bættu svo í og skoruðu fjögur mörk í seinni hálfleik og unnu öruggan 0-6 sigur. Dagný og Harpa skoruðu báðar tvö mörk, Margrét Lára og Sandra María hin tvö.

Íslenska liðið er í góðri stöðu í riðlinum í 2. sæti með 9 stig – fullt hús stiga og hefur ekki fengið á sig

**>Freyr Alexandersson, þjálfari A landsliðs kvenna, var á árinu ráðinn sem landsliðsþjálfari U17 ára landsliðs kvenna og kemur hann því að þjálfun og uppbyggingu yngri leikmanna sem og að þjálfa A-landsliðið.<**

mark. Skotland trónir þó á toppnum með 12 stig, einnig með fullt hús stiga, en hefur leikið einum leik meira en Ísland. Það stefnir allt í tveggja hesta kapphlaup milli Íslands og Skotlands um hvort liðið vinnur riðilinn. Efstu liðin úr hverjum riðli fara beint áfram í úrslitakeppnina, sex lið með bestan árangur í 2. sæti fylgja þeim beint áfram og tvö lið leika umspilsleik um lokasætið sem er í boði. Næsti leikur íslenska liðsins er útileikur við Hvít-Rússa í apríl og svo tveir leiki í júní – fyrst útileikur við Skota, algjör lykilleikur í riðlinum, og svo heimaleikur við Makedóníu. Lokaleikir riðilsins eru svo gegn Slóvenum og Skotum á heimavelli í september.



# YNGRI LANDSLIÐ



# Stórt ár hjá yngri liðum...

## U21 karla

U21 landslið karla situr á toppi síns riðils í undankeppni EM 2017 með 11 stig eftir 5 leiki, einu stigi á undan Frökkum, sem hafa leikið jafn marga leiki. Íslenska liðið hefur sýnt afbragðs frammistöðu í sínum leikjum og er taplaust. Þriggja marka sigur gegn Makedóníu í fyrsta leik gaf tóninn fyrir undankeppnina og glæstur 3-2 sigur á gríðarsterku liði Frakka fylgdi í kjölfarið, en Frakkar eru af flestum taldir vera með langsterkasta liðið í riðlinum. Ísland gerði jafntefli við Norður-Íra á heimavelli og við Skota á útivelli, en í millitíðinni vann liðið frækinn eins marks sigur á Úkraínumönnum ytra. Ísland er því í góðri stöðu í riðlinum, en undankeppnin er þó aðeins hálfnuð og mikilvægt fyrir liðið að halda sínu striki. Nokkrir af leikmönnum liðsins fengu sín fyrstu tækifæri með A-landsliðinu í síðustu verkefnum þess liðs og ætti það að gefa U21 liðinu byr undir báða vængi.

## U19 karla

U19 landslið karla lék fimm leiki á árinu 2015 og alla undir lok árs. Tveir vináttuleikir við Norður-Írland fóru fram hér á landi í október. Í fyrr leiknum vann Ísland 2-0 sigur, en gestirnir höfðu betur í þeim seinni og skoruðu eina mark leiksins. Riðill Íslands í undankeppni EM fór fram á Möltu í nóvember. Íslenska liðið fékk 4 stig í riðlinum eftir 1-1 jafntefli við Dani og eins marks sigur á heimamönnum, en 4-1 tap gegn Ísraelum í millitíðinni gerði það að verkum að 3. sæti riðilsins varð hlutskipti Íslands og komst liðið því ekki í milliriðil.

## U17 karla

Á árinu lék U17 landslið karla alls 15 leiki. Liðið hafði komist upp úr undankeppni EM 2015 haustið 2014 og lék því í milliriðli í mars. Til undirbúnings voru leiknir tveir vináttuleikir í Kórnum í febrúar, báðir gegn liði Norður-Írlands, og vann Ísland 1-0 sigur í báðum leikjum. Í milliriðlinum náði íslenska liðið ekki að sýna sitt besta andlit og lauk keppni án stiga og án þess að skora mark í leikjum gegn Austurríki, Rússlandi og Wales, en riðillinn fór fram í Rússlandi.

Í apríl tók næsti aldurs hópur við keflinu og fyrsta verkefnið var undirbúningsmót UEFA í Færeyjum, þar sem þátttökuliðin, auk Íslands og Færeyja, voru Wales og Norður-Írland. Íslenska liðið vann fyrstu tvo leikina, gegn Wales og Norður-Írlandi, og jafntefli gegn heimamönnum tryggði Íslandi efsta sætið. Næsta verkefni var Opna Norðurlandamótið, sem að þessu sinni fór fram í Svíþjóð. Fyrsti leikurinn tapaðist, gegn heimamönnum, en sigur vannst í næstu tveimur leikjum, gegn Bandaríkjamönnum og Færeyingum og hafnaði Ísland því í 2. sæti riðilsins og lék við Dani um 3.-4. sætið í mótinu. Hvorugu liðinu tókst að skora mark í leiknum, íslenska liðið hafði betur í vítaspyrnukeppni og tók því bronsið. Riðillinn í undankeppni EM 2016 fór fram á Íslandi og var leikið á Grindavíkuvelli, Laugardalsvelli, í Kaplakrika og á Nettóvöllinum í Keflavík. Íslenska liðið lagði Kasakstan með fimm mörkum gegn engu í fyrsta leik, gerði síðan 1-1 jafntefli við Grikki í Laugardalnum, en tapaði 0-2 fyrr Dönnum í lokaumferðinni, í úrslitaleik um efsta sæti riðilsins. Þetta þýddi að Ísland lauk keppni í 3. sæti, sem dugði þó liðinu á endanum til sætis í milliriðli sem fram fer í Frakklandi um mánaðamótin mars/apríl.

## U19 kvenna

U19 landslið kvenna sem lék í undankeppni EM um haustið 2014 undirbjó sig fyrir milliriðil með tveimur vináttuleikjum við Færeyjar í febrúar og fóru báðir leikirnir fram hér á landi. Í Reykjaneshöllinni vannst 5-0 sigur og og annar fimm marka sigur, að þessu sinni 6-1, vannst í Fífunni tveimur dögum síðar. Milliriðillinn var leikinn í Frakklandi og tapaðist fyrsti leikurinn stórt, 0-5 gegn gestgjöfunum. Næsti leikur tapaðist einnig, 1-4 gegn Rússum og eftir tvær umferðir var ljóst að íslenska liðið og það rúmenska væru úr leik. Þessi lið mættust í lokaumferðinni og þar vann íslenska liðið öruggan 3-0 sigur. Næsti aldurs hópur lék í undankeppni EM 2016 í september, og fór riðillinn fram í nágrenni höfuðstöðva UEFA í Nyon

í Sviss. Upprunalega átti riðillinn að fara fram í Grikklandi, en Grikkir báðust undan mótshaldinu. Íslenska liðið lagði Georgíu í fyrsta leik með sex mörkum gegn einu, en tapaði hinum tveimur leikjunum, 1-2 fyrir Grikkjum og 0-2 fyrir Svisslendingum.

## U17 kvenna

Úrslitakeppni EM U17 kvenna fór fram hér á landi síðastliðið sumar og um þá keppni og framkvæmd hennar er fjallað annars staðar í skýrslunni. Íslenska liðið undirbjó sig fyrir keppnina með vináttuleikjum við Írland í mars og fóru báðir leikirnir fram ytra. Gestgjafarnir unnu báða leikina, þann fyrri 2-1 og þann seinni 1-0. Í úrslitakeppninni lenti Ísland í gríðarsterkum riðli með Þjóðverjum, Engendingum og Spánverjum, sem fögnuðu að lokum Evrópumeistaratilinum. Þrátt fyrir mikla baráttu og fína frammistöðu töpuðust allir þrír leikir Íslands í riðlinum, 0-5 gegn Þýskalandi, 1-3 gegn Englandi og 0-2 gegn Spáni. Íslenska liðið gat þó borið höfuðið hátt eftir þátttöku sína og íslenska knattspyrnu fjölskyldan gat verið stolt af sínu framlagi. Annar aldurs hópur tók þátt í undirbúningsmóti UEFA í Færeyjum í apríl. Íslenska liðið vann þar öruggan sigur í öllum sínum leikjum, 7-0 gegn Norður-Írum, 10-0 gegn Færeyingum og 3-1 gegn Wales. Næsta verkefni þessa aldurs hóps var Opna Norðurlandamótið, sem fram fór í Danmörku. Þar töpuðust allir þrír leikirnir í riðlinum naumlega með einu marki, 0-1 gegn Svíum og Norðmönnum, og 1-2 gegn Þjóðverjum. Íslenska liðið lék því um 7.-8. sæti mótsins og mætti þar Engendingum. Nú hafði íslenska liðið betur og vann 1-0. Riðill Íslands í undankeppni EM 2016 fór fram í Svartfjallalandi. Þar hafnaði Ísland í 2. sæti og tryggði þar með sæti í milliriðlum. Öruggir sigar unnust í fyrstu tveimur leikjunum, 3-0 gegn Svartfjallalandi og 8-0 gegn Færeyjum, en síðasti leikurinn tapaðist, 0-2 gegn Finnlandi. Sætið í milliriðlum var engu að síður tryggt og fer riðill Íslands fram í mars, þar sem mótherjarnir verða Serbía, England og Belgía.

# MÓTIN INNANLANDS



>Alls mættu **146.138 áhorfendur** á leiki Pepsi-deildar karla á keppnistímabilinu. Þetta gera **1.107 áhorfendur** að meðaltali á hvern leik. Þetta er besta meðaltalsaðsókn síðan árið 2011 en þá mættu **1.122 áhorfendur** á leikina að meðaltali. Í Pepsi-deild kvenna var meðalaðsóknin 190 manns á leik, 17.126 alls á leikina 90, sem er nokkru hærra en undanfarin ár og er þetta þriðja árið í röð sem **meðaltal áhorfenda hækkar**.<

# Háspenna út um allt...

## Pepsi-deild karla

### FH á kunnuglegum slóðum

FH-ingar fóru hægt af stað í Pepsi-deild karla 2015, en fögnuðu þó Íslandsmeistaratitlinum í lok móts. Deildin var hreint út sagt mögnuð og hart barist allt til enda móts um Íslandsmeistaratitilinn þar sem þrjú lið voru í toppbaráttunni. FH, Breiðablik og KR gerðu öll tilkall til titilsins en KR-ingar heltust úr lestinni á lokametrinum og voru það FH-ingar og Blikar sem börðust um þann stóra. FH-ingar tryggðu sér að lokum Íslandsmeistaratitilinn í næst seinustu umferð með sigri á Fjölni. FH lauk keppni með 48 stig en Blikar komu þar á eftir með 46 stig. Leiknir R. og Keflavík féllu um deild en í þeirra stað í efstu deild komu Víkingur Ólafsvík og Þróttur Reykjavík.

Markahæsti leikmaður mótsins kom úr röðum Vals en það var Daninn Patrick Pedersen sem skoraði 13 mörk, og næstur kom Blikinn Jonathan Glenn sem skoraði 12 mörk fyrir Blika og ÍBV, en hann lék með Eyjamönnum framan af sumri.

Emil Pálsson, leikmaður FH, var valinn leikmaður ársins af leikmönnum deildarinnar en Höskuldur Gunnlaugsson, leikmaður Breiðabliks, var valinn efnilegasti leikmaður mótsins.

Stjarnan vann Meistarakeppni KSÍ með 1-0 sigri á KR en Breiðablik varð Lengjubikarmeistari eftir 1-0 sigur á KA.

## Pepsi-deild kvenna

### Blikakonur sterkastar á lokasprettinum

Breiðablik varð Íslandsmeistari eftir mikla baráttu í Pepsi-deild kvenna við ríkjandi meistarastjörnunnar. Breiðablik gerði sér lítið fyrir og fór í gegnum allt tímabilið án þess að tapa leik og þegar upp var staðið var liðið með 50 stig, en næst kom Stjarnan með 45 stig. Úrslitin réðust þó ekki fyrr en í lok mótsins sem var æsispennandi. Þróttur og Afturelding féllu um deild en sæti þeirra í deildinni tóku FH og ÍA.

Fannís Friðriksdóttir var valin leikmaður ársins og varð hún einnig markadrottning með 19 mörk. Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir, einnig í Breiðabliki, var valin efnilegasti leikmaðurinn, og Blikar áttu marga leikmenn í liði ársins.

Stjarnan þótti sýna heiðarlegasta framkomu og fékk verðlaun frá Borgun en Stjarnan hafði fyrir tímabilið unnið Meistarakeppni KSÍ og orðið Lengjubikarmeistari.

## Borgunarbikarinn

### Valur sveif vængjum þöndum og Stjarnan skein... á ný

Borgunarbikarinn var æsispennandi hjá báðum kynjum á árinu. Í Borgunarbikar kvenna var boðið upp á margar æsispennandi viðureignir en það fór svo að sömu lið léku til úrslita og árið á undan. Stjarnan og Selfoss öttu aftur kappi á Laugardalsvelli

en Stjarnan sló á leið sinni út lið Íslandsmeistara Breiðabliks og lið Þórs/KA. Selfoss lagði Völsung og ÍBV að velli sem tryggði liðinu sæti í úrslitum. Selfoss skoraði fyrsta mark úrslitaleiksins á 61. mínútu, en reynsla leikmanna Stjörnunnar hafði sitt að segja og tvö mörk á seinustu tíu mínútum leiksins tryggðu Stjörninni bikarmeistaratitilinn. Það var mögnuð stemning á Laugardalsvelli þar sem Selfyssingar og Garðbæingar fjölmenntu og studdu vel við bakið á sínum liðum og var áhorfendametið enn slegið á leiknum þar sem 2.435 manns mættu á úrslitaleikinn á Laugardalsvelli.

Spennan var ekki minni hjá körlunum. Eftir æsispennandi keppni voru það Reykjavíkurlíðin Valur og KR sem léku til úrslita á Laugardalsvelli. Valsmenn höfðu fagnað bikartitli 10 árum áður á meðan KR hafði leikið til úrslita eða unnið undanfarin ár. Mætingin var góð hjá stuðningsmönnum þessara fornfrægu félaga, enda langt síðan þau hafa mæst í úrslitaleik. Leikurinn var spennandi og skiptust liðin á marktækifærum. Fyrsta markið kom á 72. mínútu þegar bakvörðurinn knái Bjarni Ólafur Eiríksson skoraði og það var svo Kristinn Ingi Halldórsson sem gulltryggði sigur Valsmanna í leiknum og sendi bikarinn á Hlíðarenda. Áhorfendur fjölmenntu á leikinn, en 5.751 áhorfandi studdi við bakið á liðunum á Laugardalsvelli, sem er mesti fjöldi á úrslitaleik bikarkeppni karla á þessari öld.



# EVRÓPUKEPPNIR



# Minnstu munaði...

## Meistaradeild Evrópu Stjarnan féll við fyrstu hindrum.

Stjarnan, sem hafði náð frábærum árangri í Evrópu deildinni árið á undan, varð að játa sig sigraða strax í fyrstu umferð Meistaradeildar UEFA, en liðið mætti skoska stórliðinu Glasgow Celtic. Fyrri leikur liðanna í Glasgow endaði með 2-0 sigri Celtic og var því við ramman reip að draga á heimavelli Stjörnunnar. Celtic sýndi þar sínar bestu hliðar, vann 1-4 sigur og komst áfram í keppninni á kostnað Stjörnunnar.

## Evrópudeildin FH þurfti eitt mark til að komast í þriðju umferð.

FH-ingar voru ansi nálægt því að komast í þriðju umferð í forkeppni Evrópu deildarinnar. FH byrjaði á því að slá út finnska liðið SJK með sigri úti og heima. Þá var komið að Inter Baku frá Aserbaídsjan. Inter Baku vann fyrri leikinn í Kaplakrika, 1-2, þar sem FH-ingar misstu Róbert Óskarsson markmann af velli með rautt spjald. Þetta þýddi að Róbert var í leikbanni í seinni leiknum og stóð Kristján Finnbogason, þá 43 ára gamall, í markinu. FH-ingar gerðu hvað þeir gátu til að vinna

leikinn en í stöðunni 2-2 komust Hafnfirðingar ansi nálægt því að skora sigurmark á útivelli sem hefði tryggt liðinu sæti í næstu umferð. Það gekk ekki eftir og FH féll úr leik.

Víkingar úr Reykjavík mættu FC Koper frá Slóveníu og voru ekki langt frá því að komast í næstu umferð. Heimaleikurinn endaði með 0-1 sigri FC Koper en liðin gerðu svo 2-2 jafntefli á útivelli. Eitt mark til viðbótar hjá Víkingum hefði tryggt þeim áframhaldandi þátttöku.

Bikarmeistarar KR hófu leik gegn Cork City frá Írlandi og byrjuðu á að gera 1-1 jafntefli úti. KR fylgdi eftir þeim ágætu úrslitum með 2-1 sigri á KR-velli og fór áfram í næstu umferð. Þar mætti liðið norska stórliðinu Rosenborg með íslenska landsliðsmanninn Hólmar Örn Eyjólffsson innan sinna raða. Rosenborg skoraði eina markið á KR-velli í fyrri leik liðanna og vann svo sannfærandi 3-0 sigur úti og þar með voru KR-ingar úr leik í Evrópu deildinni.

## Unglingadeild UEFA Stjarnan lék fram unglingsliði í Evrópu

Stjarnan tryggði sér þátttökurétt í Unglingadeild UEFA með sigri 2. flokks karla á Íslandsmótinu árinu áður. Í Unglingadeildinni leika U19 lið og mætti Stjarnan sænska liðinu Elfsborg í fyrstu umferð. Elfsborg vann leikinn á sínum heimavelli 2-0 en Stjarnan sýndi finan leik í Garðabænum og vann 1-0, en komst þó ekki áfram í keppninni að þessu sinni.

## Meistaradeild kvenna Stjarnan í 32-liða úrslitum

Stjarnan lék í Evrópukeppni á árinu, í Meistaradeild kvenna, og þurfti að hefja leik í forkeppni, fjögurra liða riðli með Apollon Limassol frá Kýpur, Kí Klaksvík frá Færeyjum og Hibernians frá Möltu í riðli. Stjarnan vann riðilinn, sem fram fór á Kýpur, og tryggði sér sæti í 32-liða úrslitum þar sem liðið mætti rússneska liðinu WFC Zvezda 2005. Þessi sömu lið mættust einmitt í sömu umferð árið á undan. Stjarnan tapaði heimaleiknum 1-3 og útileiknum 3-0 og féll þar með úr leik.



# ÁRIÐ SEM LEIÐ



# Það helsta frá 2015...

## Stjórn KSÍ

69. ársþing KSÍ var haldið á Nordica Hótel í Reykjavík 14. febrúar 2015. Engar breytingar urðu á stjórn KSÍ að þessu sinni.

Stjórn KSÍ var þannig skipuð að loknu ársþingi:

Geir Þorsteinsson, formaður  
Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður  
Gylfi Þór Orrason, gjaldkeri  
Gísli Gíslason, Ritari

Róbert Agnarsson  
Jóhannes Ólafsson  
Rúnar Arnarson  
Vignir Már Þormóðsson

Varamenn í aðalstjórn:  
Ingvar Guðjónsson  
Jóhann Torfason  
Þórarinn Gunnarson

Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Valdemar Einarsson, Jakob Skúlason fyrir Vesturland, Björn Friðþjófsson fyrir Norðurland og Tómas Þóroddsson fyrir Suðurland.

Stjórn KSÍ hélt 16 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga). Fundargerðir stjórnar má sjá á vef KSÍ: ([www.ksi.is/um-ksi/fundargerdir-stjornar](http://www.ksi.is/um-ksi/fundargerdir-stjornar))

## Starfsfólk KSÍ

Þórir Hákonarson ákvað að láta af störfum sem framkvæmdastjóri KSÍ á árinu. Klara Bjartmarz tók í ágúst við starfi framkvæmdastjóra KSÍ en Klara gegndi áður starfi skrifstofustjóra KSÍ og hefur starfað á skrifstofu KSÍ á um annan áratug.

Tveir nýir starfsmenn hófu störf á KSÍ í byrjun árs 2016. Haukur Hinriksson var ráðinn sem lögfræðingur á mótadeild og Gunný Gunnlaugsdóttir var ráðinn sem starfsmaður landsliða. (Nánari upplýsingar um nýtt starfsfólk má sjá á vef KSÍ)

## Starfsfólk KSÍ 2015:

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri  
Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri  
Birkir Sveinsson, mótastjóri  
Dagur Sveinn Dagbjartsson, fræðslumál  
Gunný Gunnlaugsdóttir, landsliðsmál  
Guðlaugur Gunnarsson, mótamál  
Gunnar Gylfason, landsliðsmál  
Haukur Hinriksson, lögfræðingur  
Hilmar Þór Guðmundsson, markaðsmál  
Jóhann Kristinsson, vallarstjóri  
Kristinn V. Jóhannsson, vallarstarfsmaður  
Magnús Már Jónsson, dómarastjóri  
Margrét Elíasdóttir, ritari  
Ómar Smáráson, markaðsstjóri  
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri  
Ragnheiður Elíasdóttir, ritari  
Þorvaldur Ingimundarson, mótamál

## Árlegur dagur baráttu gegn kynferðislegri misneytingu barna

Evrópuráðið tók á liðnu ári ákvörðun um að helga 18. nóvember ár hvert baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri misneytingu barna. Tilgangurinn er að stuðla að aukinni umræðu og samfélagsvitund um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og að kynna samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi, svonefndan Lanzarote samning. Samningurinn er heildstæðasta og víðtækasta alþjóðasamþykkt sem gerð hefur verið um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Ísland undirritaði Lanzarote samninginn árið 2008 og fullgilti hann árið 2012. Stýrihópur ráðuneyta velferðar, innanríkis og mennta- og menningarmála um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess hafa farið þess á leit við grunnskóla, stofnanir og félagasamtök að vekja athygli á forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi. KSÍ skoraðist að sjálfsögðu ekki undan og tók virkan þátt.

## Málþing um andlega líðan íþróttamanna

Í október efndi Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands, Íþróttfræðisvið Háskólans í Reykjavík og Knattspyrnusamband Íslands til málþings um andlega líðan íþróttamanna og fór málþingið fram í Háskólanum á Akureyri. Flutt voru erindi um geðrænan vanda og algengi hans hjá íþróttamönnum, íþróttaiðkun í mótvindi og svartnætti, og voru Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur og Margrét Lára Viðarsdóttir knattspyrnukona á meðal flytjenda. Þá sagði Ingólfur Sigurðsson, knattspyrnumaður, frá glímu sinni við geðræna erfiðleika.

## Ekki tapa þér – þú ert fyrirmynd

Markaðsherferðin Ekki tapa þér, sem unnin var af Tjarnargötunni fyrir KSÍ, hélt áfram á árinu og bendir herferðin á mikilvægi þess að sýna góða hegðun í hvívetna og minnir okkur á að við erum öll fyrirmyndir. Áherslan var á hegðun í áhorfendastúkunni þar sem fólk á öllum aldri kemur saman til að upplifa skemmtilegan viðburð. Herferðin sýndi okkur hvernig neikvæð hegðun og ljótt orðbragð getur haft áhrif á yngri vallargesti og beinlínis eyðilagt upplifun þeirra sem mæta á leiki. Það skiptir máli að gæta orða sinna og muna að börn læra af því sem fyrir þeim er haft. Skilaboðin eru skýr: Ekki tapa þér – þú ert fyrirmynd.

Vefurinn [ekkitapa.is](http://ekkitapa.is), sem er hluti af markaðsherferðinni, var tilnefndur sem frumlegasti vefur ársins af Samtökum vefiðnarins. Þá var markaðsherferðin Ekki tapa þér tilnefnd til Nexpo-verðlauna sem óhefðbundna auglýsing ársins. Það var tæknivefurinn [simon.is](http://simon.is) og vef tímaritið [Kjarninn](http://Kjarninn) sem stóðu að verðlaununum.

Í tengslum við Ekki tapa herferðina stóð KSÍ fyrri súpufundi þar sem Stefán Pálsson sagnfræðingur fjallaði um framkomu og hegðun áhorfenda á knattspyrnuleikjum í sögulegu samhengi.

## Bræður og vinur í fótbolta þótti besta myndin

Verðlaunamynd í Instagram leik KSÍ Bræður og vinur þeirra að leika sér saman í fótbolta í Nauthólsvík þótti besta myndin í ljósmyndakeppni sem KSÍ stóð fyrir ásamt samstarfsaðilum. Um var að ræða leik þar sem fólk merkti myndir með kassamerkinu #fotboltavinir á Instagram, en myndirnar áttu að sýna skemmtileg augnablik sem tengjast fótbolta. Alls voru 1134 myndir merktar #fotboltavinir og fékk ljósmyndarinn Baldur Kristjánsson það vandasama verkefni að velja sigurmyndina. Eftir mikla yfirlegu og skoðun var niðurstaðan sú að mynd af tveimur bræðrum ásamt vini þeirra var valin sem sú mynd sem sýndi á skemmtilegan og lifandi hátt fótbolta í sinni tærustu mynd. Hugtakið Fótboltavinir nær yfir samstarf KSÍ við bakhjarla, sem eru Landsbankinn, N1, Icelandair, Íslensk getraunir og Borgun og Vífilfell.

## Geðveikur fótbolti og fótboltaliðið FC Sækó

Í september kíktu bráðefnilegir leikmenn fótboltaliðsins FC Sækó í heimsókn á Laugardalsvöll og tóku æfingu undir handleiðslu Halldórs Björnssonar, þjálfara U17 liðs karla. Fótboltaverkefnið Geðveikur fótbolti og fótboltaliðið FC Sækó byrjaði í nóvember 2011 og er samstarfsverkefni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, geðdeildar Landspítalans og Hlutverkaseturs. Verkefnið felst í því að íbúum í búsetukjörnum fyrir geðfatlaða, notendum á geðsviði landspítalans og Hlutverkaseturs ásamt starfsfólki stendur til boða að æfa fótbolta. Markmiðið er að efla heilsu og virkni notenda ásamt því að veita jákvæðan og uppbyggilegan félagslegan stuðning. Verkefnið fékk strax mjög góðar viðtökur og mættu 15-20 einstaklingar að jafnaði hvern einasta mánudag og eru enn að í dag.

## Formaður KSÍ gaf kost á sér í stjórn UEFA

Kosið var í stjórn Knattspyrnusambands Evrópu 24. mars á þingi sambandsins. Michel Platini var einn í kjöri til formanns en einnig var kosið um



**gautiei** #fotboltavinir

107 days ago (Sep 07 2014 15:18:41) | Photo Filter: X-Pro II



7 stjórnmenn af 15. Aðeins þeir sem eru virkir í starfi innan knattspyrnusambanda í Evrópu eru kjörgengir og ákvað Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, að gefa kost á sér, en náði ekki kjöri.

## Mottumars 2015

KSÍ hvatti knattspyrnufolk um allt land til að sýna samstöðu og taka þátt í átakinu Mottumars. Mottumars er tákn Krabbameinsfélags Íslands í baráttunni gegn krabbameini hjá karlmönnum, en árlega greinast um 750 karlmenn með krabbamein á Íslandi. Átakið er tvíþætt; bæði sem árveknis- og fjáröflunaráttak. Þeir fjármunir sem safnast í átakinu eru notaðir í forvarnir, fræðslu, ráðgjöf og rannsóknir. KSÍ studdi við verkefnið með virkum hætti, líkt og fyrri ár, og hvatti karla um land allt til að safna í glæsilega mottu. Málþing um stöðu kvenna innan íþróttahreyfingarinnar í febrúar stóð KSÍ fyrir málþingi sem bar yfirskriftina “Hver er staða kvenna innan íþróttahreyfingarinnar?”.

Málþingið, sem var öllum opið og vel sótt, fór fram í höfuðstöðvum KSÍ. Erindi málþingsins voru fjölbreytt. Borghildur Sigurðardóttir, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, fjallaði um þátttöku kvenna í stjórnunum íþróttafélaga, Karen Espelund, stjórnarmaður í UEFA, flutti erindi um útbreiðslu knattspyrnu kvenna, og Eiríkur Stefán Ásgeirsson, formaður samtaka íþróttafréttamanna ræddi um fjöllum fjölmíðla um konur í íþróttum.

## Ný reglugerð um milliliði

Ný reglugerð FIFA um milliliði sem leysir af hólmi reglugerð FIFA um umboðsmenn leikmanna tók gildi þann 1. apríl. Á sama tíma tók gildi ný reglugerð KSÍ um milliliði og féll þá úr gildi reglugerð KSÍ um umboðsmenn og réttindi umboðsmanna KSÍ féllu niður. Samhliða nýrri reglugerð um milliliði þurfti að gera breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga og voru þær kynntar aðildarfélögum KSÍ með dreifibréfi í febrúar.



## Tímamótasamningur milli KSÍ og 365 um útsendingar frá íslenskri knattspyrnu

Á vordögum undirrituðu fulltrúar KSÍ og 365 miðla hf. samning um rétt 365 til að sjónvarpa leikjum á vegum KSÍ fyrir árin 2016-2021 (6 keppnistímabil). Samningurinn var gerður í nánu samstarfi við stjórn Íslensks toppfótbolta (ÍTF). Þetta er í fyrsta sinn síðan 1998 sem þessi réttindi eru seld beint innanlands, en síðan þá hefur rétturinn verið seldur til erlendra aðila sem hafa endurselt hann að hluta til Íslands.

Samningurinn felur í sér að 365 miðlar munu hafa einkarétt til sjónvarpsútsendinga frá eftirtöldum mótum innan sem utan lands:

- Íslandsmótið í knattspyrnu / efsta deild karla og kvenna
- Bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla og kvenna
- Meistarakeppni KSÍ í karla- og kvennaflokki
- Deildarbikarkeppni KSÍ / A deild karla og kvenna

365 miðlar hafa jafnframt einkarétt á sölu heitis ofangreindra móta, utan deildarbikarkeppni KSÍ, og heiti mótanna fylgja tiltekin markaðsréttindi. Með samningi þessum er stefnt að aukinni umfjöllun um íslenska knattspyrnu í miðlum 365 og m.a.

opnast í fyrsta sinn sá möguleiki að hægt verði að sýna alla 132 leikina í efstu deild karla í beinni útsendingu í sjónvarpi eða yfir internetið.

## Fleiri fræðsluviðburðir en nokkru sinni áður

KSÍ hélt 33 fræðsluviðburði á árinu fyrir 1.141 þátttakendur. Aldrei áður hefur KSÍ haldið jafnmarga fræðsluviðburði á einu ári og aldrei hafa jafn margir sótt fræðsluviðburði KSÍ á einu ári. Fram til þessa hafði KSÍ mest haldið 26 fræðsluviðburði (2013 og 2014) og mesti þátttökufjöldi á einu ári fram til þessa var 882 þátttakendur árið 2010. Þar munar miklu um tvö gríðarlega vinsæla málþing og andlega liðan íþróttafólks en málþingið var samstarfsverkefni ÍSÍ, KSÍ og Háskólans í Reykjavík. Á þessi tvö málþing komu samtals 310 manns, 200 manns í Reykjavík og 110 manns á Akureyri. Þá voru haldnar tvær fjölmennar bikarúrslitaráðstefnur á árinu auk þess sem Þjálfaraskóli KSÍ var vel sóttur.

## Aukið fjármagn frá UEFA til félagsliða

Knattspyrnusamband Evrópu selur réttindi sín í tengslum við Meistaradeildina og Evrópudeildina í hvert sinn yfir 3 keppnistímabil í einu (2015-16, 2016-17 og 2017-18). Ljóst er að tekjur UEFA aukast sem skilar sér til félagsliða í Evrópu. Íslensk félagslið sem

taka þátt í forkeppni Meistaradeildar og Evrópudeildar UEFA munu njóta þess.

Í forkeppni Meistaradeildarinnar verða greiðslur frá UEFA þannig (nái lið ekki inn í riðlakeppnina):  
 Íslandsmeistari  
 250.000 evrur (að auki byrjaði Íslandsmeistari í 2. umferð 2015/16) fyrir leik í 1. umferð  
 200.000 evrur fyrir leik í 2. umferð  
 300.000 evrur fyrir leik í 3. umferð  
 400.000 evrur Lið sem kemst í 4. umferð (umspil) hlýtur umtalsvert hærri tekjur. Liðið sem tapar í 3. umferð flyst í umspil í Evrópudeildinni.

Í forkeppni Evrópudeildarinnar verða greiðslur frá UEFA þannig (Íslensku liðin byrjuðu í 1. umferð 2015/16):

fyrir leik í 1. umferð	200.000 evrur
fyrir leik í 2. umferð	210.000 evrur
fyrir leik í 3. umferð	220.000 evrur
fyrir leik í umspili	230.000 evrur ef liðið kemst ekki í riðlakeppnina

Lið sem kemst í riðlakeppni hlýtur umtalsvert hærri tekjur.

Þá mun barna- og unglíngastyrkur UEFA, sem greiddur verður 2016, 2017 og 2018, hækka um a.m.k. 35%.

## PIPAR/TBWA sinnir vörumerkjavöktun fyrir KSÍ

KSÍ og PIPAR\TBWA gerðu á árinu með sér samstarfssamning um vörumerkjavöktun og gildir samningurinn fram yfir úrslitakeppni EM karlalandsliða í knattspyrnu 2016, meðal annars til að gæta að ímynd KSÍ og íslenskrar knattspyrnu og til að verja verðmæti vörumerkja KSÍ. Samningurinn felur í sér að PIPAR\TBWA gæti hagsmuna KSÍ og sinni vörumerkjavöktun fyrir knattspyrnusambandið. Fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum sem ekki teljast til samstarfsaðila KSÍ er óheimilt að nota vörumerki KSÍ í auglýsinga- og kynningarskyni. Í þessu felst öll notkun og birting á merki KSÍ og þar með töldum landsliðsbúningnum eða leikmönnum íklæddum landsliðsbúningnum. Þetta á við um alla notkun og birtingu, þar með talið á samfélagsmiðlum. Merkið og landsliðsbúningurinn eru skrásett vörumerki. Öll óréttmæt eða óviðeigandi notkun varðar við lög.

## Kvennalandsliðið á allra vörum

Í september sneru leikmenn A landsliðs kvenna saman bökum í baráttunni gegn einelti. Af því tilefni færði Landsbankinn öllum leikmönnum landsliðsins glæsilegt Á allra vörum-varasett, en bankinn er bakhjarl bæði landsliðsins og landssöfnunar til styrktar verkefninu. Kynningar- og fjáröflunarátak Á allra vörum gegn einelti og fyrir bættum samskiptum meðal barna og ungmenna stóð þá sem hæst og náði hápunktum með landssöfnun í útvarpi og sjónvarpi. Markmið söfnunarinnar var að opna samskiptasetur þar sem aðstandendur í eineltismálum geta fengið ráðgjöf og þjónustu frá fagaðilum.



## Klara Bjartmarz ráðin framkvæmdastjóri KSÍ

Á fundi stjórnar KSÍ í ágúst var samþykkt að ráða Klöru Bjartmarz í starf framkvæmdastjóra KSÍ, en hún hafði áður verið ráðin tímabundið í mars, í stað Þóris Hákonarsonar sem hafði gegnt stöðu framkvæmdastjóra frá árinu 2007. Klara hefur starfað fyrir KSÍ síðan í janúar 1994, lengst af við mótamál og landslið kvenna. Þá gegndi hún jafnframt starfi skrifstofustjóra KSÍ um árabíl. Að auki hefur Klara starfað fyrir UEFA sem eftirlitsmaður á alþjóðlegum leikjum.

## Sérstakir baráttudagar gegn mismunun í Evrópu

Í tengslum við leiki í undankeppni EM karlalandsliða 2016 í október notaði evrópska knattspyrnuhreyfingin tækifærið og efndi til sérstakra baráttudaga gegn mismunun í Evrópu. Í tilkynningu sagði m.a. „Undankeppni EM 2016 gefur okkur flott tækifæri til að fylgjast með ferðalagi knattspyrnunnar

um Evrópu. Við hvetjum alla knattspyrnufjölskylduna til að styðja við ákall UEFA um virðingu gagnvart leikmönnum, dómurum, starfsmönnum leiksins og stuðningsmönnum. Rasismi og önnur mismunum af hvaða tagi sem er á engan tilverurétt í fótbolta - Segjum nei við rasisma og styðjum UEFA og önnur samtök í Evrópu í þessari baráttu!“

## Á sjöunda hundrað þjálfarar með KSÍ-B eða hærri gráðu

KSÍ býður upp á þrjár þjálfaragráður; Markmannsþjálfaragráðu KSÍ, KSÍ-B og KSÍ-A þjálfaragráður. Tvær síðarnefndu gráðurnar hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. 433 þjálfarar eru með KSÍ-B gráðuna og 191 þjálfari hefur lokið við KSÍ-A gráðu til viðbótar. Auk þess hafa 13 þjálfarar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðu á erlendri grundu.

## KSÍ, N1 og 365 í samstarf um sýningar á leikjum í 1. deild karla

Í maí var tilkynnt um samkomulag KSÍ, N1 og 365 varðandi beinar útsendingar frá leikjum í 1. deild karla. Samkvæmt samkomulaginu var í það minnsta einn leikur í hverri umferð sýndur á SportTV og visir.is en auk þess valdir leikir sýndir á Stöð 2 Sport. Forsvarsmenn samningsaðila lýstu allir yfir mikill ánægju með verkefnið.

## Knattspyrna fatlaðra

Íslandsleikar Special Olympics voru haldnir tvisvar á árinu 2015 - einir leikar að vori og aðrir að hausti. Mótin voru haldin í samvinnu við KR og Nes, íþróttafélag fatlaðra í Reykjanæsbæ. Vormótið var haldið á KR-velli og tóku 6 lið þátt að þessu sinni. Leikið var með hefðbundnum hætti, þ.e. þátttakendur voru eingöngu fatlaðir einstaklingar en undanfarin ár hefur verið keppt í Unified knattspyrnu, þar sem meðspilarar taka þátt í leiknum. Vegna fjölgunar iðkenda, sérstaklega yngri iðkenda hjá fótluðum var einnig ákveðið að leika með hefðbundnu sniði á haustleikum SO en það mót var haldið í Reykjaneshöllinni. Fimm lið tóku þátt en einungis tóku svokölluð „getuminni lið“ þátt vegna aldurs iðkenda.



>Fjölmargar áhugaverðar  
fréttir, viðtöl og greinar  
má einnig finna á vef KSÍ,  
[www.ksi.is](http://www.ksi.is).<

Í lok október tók KSÍ þátt í kynningu á íþróttum fatlaðra, sem haldin var í Laugardalshöllinni. Fulltrúar KSÍ kynntu knattspyrnuíþróttina, buðu upp á knattþrautir og einnig gátu gestir og gangandi fengið að skjóta á mark með bolta sem notaður er fyrir knattspyrnu blindra. Að sjálfsögðu var bundið fyrir augun á fólki og þeir sem hittu á markið fengu bolta að gjöf. Óhætt er að segja að þetta hafi vakið mikla lukku.

### Íslenskt lið á Special Olympics World Games

Ísland sendi lið til keppni á Special Olympics World Games sem haldnir voru í Los Angeles, Kaliforníu, í ágúst. Liðið stóð sig með miklum sóma og endaði í 4. sæti í sínum styrkleikaflokki. Þetta var í annað sinn sem KSÍ sendir fulltrúa með knattspyrnuliðinu á SO World Games, en það er hluti af samstarfssamningi KSÍ og Íþróttasambands fatlaðra.

### Iðkendafjöldi

ÍSí tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum. Tölur sem birtar eru í árslok 2015 eru fyrir árið 2014. Sem fyrr eru langflestir iðkendur hjá KSÍ, og fjölga þeim nokkuð milli árána 2013 og 2014.

Skráðum iðkendum í knattspyrnu fjölga um 9,3% milli ára og voru iðkendur árið 2014 alls 22.645 talsins. Þetta er fjölgun um 1.930 iðkendur frá árinu 2013.

Stúlkum fjölga hlutfallslega meira en strákuum. Árið 2013 voru 6.534 stúlkur að æfa knattspyrnu en árið 2014 voru þær 7.226 talsins. Þetta er aukning upp á 10,6%. Drengir í knattspyrnu árið 2013 voru 14.181 að tölu. En fjöldi drengja árið 2014 var 15.419. Þetta er aukning upp á 8,7%.

Geta þarf þess að í tölum ÍSí er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utandeildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsubótar. Í tölum ÍSí er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra.

### Tímamótaleikir

Margét Lára Viðarsdóttir og Hólmiður Magnúsdóttir léku sína 100. A-landsleiki á árinu, í leikjum í undankeppni EM 2017, Margrét Lára gegn Hvít-Rússum á heimavelli en Hólmiður gegn Slóveníu ytra. Þá lék Dagný Brynjarsdóttir sinn 50. landsleik gegn Noregi á Algarve og Harpa Þorsteinsdóttir lék einnig sinn 50. landsleik, í vináttulandsleik gegn Hollandi í Kórnum. Tveir leikmenn A-landsliðs karla léku sína 50. leiki á árinu. Aron Einar Gunnarsson náði áfanganum í leik í undankeppni EM 2016 í Kasakstan í lok mars og Ragnar í vináttuleik gegn Pólverjum í Varsjá í nóvember.



## 110 beinar útsendingar

Alls var sýnt beint frá 110 leikjum í mótum ársins 2015, sem er nokkur fækkun frá árinu 2014 þegar alls voru sýndir 126 leikir í beinni útsendingu. Það ár átti sér reyndar gríðarlega aukning milli ára (76 leikir 2013).

Beinar útsendingar frá Pepsi-deild karla á Stöð 2 Sport voru 27 talsins og fækkaði um tvær milli ára.

Í Pepsi-deild kvenna voru 19 leikir í beinni útsendingu á vefsíðunni Sport TV og sýndi Sport TV einnig beint frá 24 leikjum í 1. deild karla. Einn leikur 1. deildar karla var sýndur beint á visir.is og einn leikur var í beinni sendingu á Stöð 2 sport. Loks voru tveir Evrópuleikir félagsliða í beinni útsendingu. Rétt er að geta þess jafnframt að 28 leikir í vor- og vetrarmótum (Lengjubikar og Reykjavíkurmóti) voru í beinni útsendingu á Sport TV.

Stöð 2 Sport sýndi beint frá alls 6 leikjum í Borgunarbikar karla, jafn mörgum og árin fimm þar á undan. Einn leikur var sýndur frá 32-liða, 16-liða og 8-liða úrslitum, báðir undanúrslita-leikirnir og svo auðvitað sjálfur úrslitaleikurinn. Sport TV sýndi beint frá einum leik í 16-liða úrslitum Borgunarbikars kvenna og úrslitaleikurinn sjálfur var svo í beinni sjónvarpsútsendingu á Stöð 2 sport.

## Efsta deild karla

Ár	Beinar útsendingar
2015	27
2014	29
2013	26
2012	25
2011	25
2010	32
2009	32
2008	40
2007	31
2006	30
2005	29
2004	19
2003	18

## Efsta deild kvenna

Ár	Beinar útsendingar
2015	19
2014	24
2013	18
2012	17
2011	23
2010	0
2009	0
2008	2
2007	1
2006	3

## 1. deild karla

Ár	Beinar útsendingar
2015	26
2014	27
2013	19
2012	22
2011	0
2010	5

Umhverfi beinna útsendinga frá leikjum hefur breyst mjög á síðustu árum og mun algengara er orðið að leikir séu sýndir í beinni vefútsendingu. Með auknum myndgæðum og nethraða nýta sífellt fleiri sér þennan möguleika. Þess má einnig geta að sum félög hafa komið sér upp sínu eigin vefsíðunum og sýna þar m.a. beint frá leikjum sinna félaga (þær útsendingar eru ekki taldar upp hér að ofan).

## Þrjú mörk í leik

Í Pepsi-deild karla síðastliðið sumar voru skorud 380 mörk í leikjunum 132, eða 2,9 að meðaltali í leik, og fer meðaltalið því lítið eitt niður á við fjórða árið í röð.

Meðaltal marka í efstu deild karla

Ár	Meðaltal
2015	2,9
2014	3,0
2013	3,1
2012	3,2
2011	3,0

Mörkunum fækkaði enn í Pepsi-deild kvenna. Í leikjunum 90 voru skorud 325 mörk, sem gera 3,6 að meðaltali í hverjum leik.

Meðaltal marka í efstu deild kvenna

Ár	Meðaltal
2015	3,6
2014	3,5
2013	3,8
2012	4,1
2011	3,6





# DÓMARAMÁL



# Fyrsti kvendómarakvartettinn

## Átaksverkefni ungra dómara

Á haustmánuðum var hleypt af stokkunum átaksverkefni fyrir unga dómara. Þátttakendur voru valdir úr hópi dómara á aldrinum 17-25 ára og er gert ráð fyrir því að hver dómari verði í eitt ár í áttakinu. Framkvæmdin verður þannig að hópurinn hittist reglulega á eins dags námskeiðum í höfuðstöðvum KSÍ. Hver nemandi mun hafa reyndan dómara sem leiðbeinanda og mun hann mæta á leiki hjá sínum nemanda, greina leikina og frammistöðu og gefa skýrslu.

## Fyrsti kvendómarakvartettinn

Fjórir kvenkyns dómara störfuðu við leik U23 kvenna og A-landslíðs Póllands sem fram fór í Kórnum í janúar. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt gerist hér á landi. Bríet Bragadóttir var dómari, Rúna Kristín Stefánsdóttir og Jovana Cosic aðstoðardómarar, og Birna H. Bergstað varadómari.

## Íslenskir dómara á milliríkjalista FIFA árið 2015:

### FIFA-dómarar:

Gunnar Jarl Jónsson  
Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson  
Þorvaldur Árnason  
Þóroddur Hjaltalín

### FIFA-aðstoðardómarar:

Áskell Þór Gíslason  
Birkir Sigurðarson  
Björn Valdimarsson  
Frosti Viðar Gunnarsson  
Gunnar Sverrir Gunnarsson  
Gylfi Már Sigurðsson  
Jóhann Gunnar Guðmundsson  
Rúna Kristín Stefánsdóttir

### FIFA-Futsal-dómari:

Andri Vigfússon



# LEYFISKERFI



# Mikil þróun...

## Mikil þróun með tilkomu leyfiskerfis KSÍ

Leyfiskerfi KSÍ var sett á laggirnar haustið 2002 og undirgengust íslensk félög leyfiskerfi KSÍ í fyrsta sinn fyrir keppnistímabilið 2003. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Mikil þróun hefur átt sér stað í íslenskri knattspyrnu og ekki síður í umgjörð íslenskra knattspyrnufélaga.

## Áritaðir ársreikningar

Árið 2002 var fátítt að knattspyrnudeildir íþróttafélaga væru með endurskoðaða ársreikninga (fulla áritun), en í dag er það mikið gæðamerki á rekstri knattspyrnufélags að reksturinn hafi hlotið fulla áritun endurskoðanda. Ekkert félag í efstu deild karla getur hlotið þáttökuleyfi án þess að vera með fulla áritun endurskoðanda og til skamms tíma var það einnig svo í næst efstu deild karla, þar til ákveðið var að gera einungis kröfu um könnunaráritun í 1. deild karla. Alls hafa vel á fjórða tug félaga undirgengist leyfiskerfið einu sinni eða oft og hafa þar með fengið fulla endurskoðun og/ eða könnunaráritun á ársreikninga sína, a.m.k. á einhverjum tímamarki.

## Engin vanskil

Í leyfisreglugerðinni er skýrt kveðið á um að leyfisumsækjandi (félagið) geti ekki verið í vanskilum við m.a. leikmenn og þjálfara, og við önnur knattspyrnufélög vegna félagaskipta leikmanna. Þær kröfur sem settar eru á félagið til að sýna fram á þetta eru ríkar og er krafist nákvæmra vinnubragða við vinnslu þeirra gagna sem leggja þarf fram til leyfisstjórnar til að sýna fram á engin vanskil. Þessi krafa um engin vanskil hefur skapað gott aðhald og orðið til þess að ágreiningsmálum hefur fækkað verulega.

## Þjálfaramenntun

Gríðarleg aukning hefur orðið á menntuðum þjálfurum á Íslandi og er það ekki síst að þakka þeim kröfum sem gerðar eru í leyfiskerfi KSÍ, þar sem félögin sem undirgangast kerfið verða að sæta viðurlögum séu kröfur um menntun þjálfara, frá meistaraflokki og niður úr, ekki uppfylltar. Í dag er staða þannig að félögin sem leika í efstu tveimur deildum karla eru að öllu jöfnu með KSÍ-A eða KSÍ-B þjálfara í öllum flokkum.

## Áhorfendaaðstaða

Sá þáttur sem hefur gengið í gegnum hvað mesta breytingu er án efa aðstaða áhorfenda á knattspyrnuvöllum. Þó mannvirkjakröfum sé ekki lýst í leyfisreglugerðinni sjálfri er þar gerð krafa um að leyfisumsækjandi leiki á leikvangi sem uppfyllir kröfur viðkomandi deildar. Mikil þróun hefur orðið á aðstöðu fyrir áhorfendur á árunum síðan leyfiskerfið var sett á laggirnar.

## Fundað með endurskoðendum félaga um leyfismál

Allt frá því leyfiskerfið var tekið upp hér á landi hafa verið haldnir reglulegir vinnufundur með leyfisfulltrúum félaga. Fyrir nokkrum árum var ákveðið að funda jafnframt árlega með endurskoðendum félaganna og hefur það gefist vel. Fundirnir hafa verið vel sóttir og verið gerður góður rómur að þeim. Farið er yfir breytingar á leyfisreglugerð milli ára, sem og áhersluatriði og hagnýta þætti og vitanlega er farið vel ofan í saumana á öllum fjárhagslegum þáttum.

## 24 þáttökuleyfi samþykkt á tveimur fundum

Leyfisráð samþykkti umsóknir allra 24 félaganna í efstu tveimur eildum karla um þáttökuleyfi fyrir keppnistímabilið 2015. Á fyrri fundi ráðsins voru 18 leyfi samþykkt og 6 á seinni fundi. Á fundum ráðsins kynnir leyfisstjóri stöðu mála hjá félögunum sem undirgangast leyfiskerfið, farið er yfir stöðu hvers félags um sig og fylgigögn með leyfisumsóknum skoðuð gaumgæfilega. Þar sem við á er gefinn vikufrestur til að ganga frá útistandandi atriðum. Málum þriggja félaga var vísað til aga- og úrskurðarnefndar.

## Leyfiskerfi FIFA innleitt í árslok 2016

FIFA tilkynnti á árinu að leyfiskerfi FIFA, sem smíðað er að mestu eftir leyfiskerfum UEFA og AFC (Knattspyrnusambands Asíu), yrði innleitt í árslok 2016. Undirbúningsvinna stóð yfir um nokkurra ára skeið og unnið að innleiðingu kerfisins fyrir öll aðildarsambönd FIFA. Leyfiskerfið er umfangsmikið kerfi sem er ætlað að styðja við félög, auka gæði og styrkja þau á öllum sviðum síns reksturs.

## Engar athugasemdir í gæðaúttekt á leyfiskerfi KSÍ

Í byrjun ágústmánaðar framkvæmdi fulltrúi SGS gæðaúttekt á leyfiskerfi KSÍ. SGS er alþjóðlegt vottunarfyrirtæki sem framkvæmir árlegar úttektir á leyfiskerfum aðildarlanda UEFA og gildir hver vottun í eitt ár. Engar athugasemdir voru gerðar við leyfiskerfi KSÍ. Úttektin er sem fyrr segir framkvæmd árlega og er gæðavottun gefin út til eins árs í senn.

Athugasemdir SGS geta verið af tvennum toga, annars vegar meiriháttar (major) og hins vegar minniháttar (minor). Sé um meiriháttar athugasemd að ræða missir viðkomandi knattspyrnusamband leyfið til að reka leyfiskerfi og færir reksturinn þá til UEFA. Sé um minniháttar athugasemd að ræða getur viðkomandi knattspyrnusamband þurft að sæta viðurlögum, sé ekki brugðist við athugasemdum með viðeigandi hætti. Loks á SGS þann möguleika að koma með ábendingar (recommendation) um smávægileg atriði, breytingar sem mætti gera til að bæta ákveðna þætti. KSÍ fékk enga athugasemd að þessu sinni, hvorki meiriháttar né minniháttar, en fékk þó tvær ábendingar - önnur sneri að uppfærslu á ýmsum gögnum vegna ráðningar nýs framkvæmdastjóra KSÍ og hin ábendingin sneri að rafrænum skilum á gögnum frá félögum. Leyfissjórn KSÍ hefur lagt mikla áherslu á að félög skili gögnum rafrænt, en ekki gert það að skyldu. Ábending SGS var á þá leið að vegna góðs árangur í rafrænum skilum ætti KSÍ að taka það skref að skylda félögin til að skila öllum gögnum rafrænt. Gæðavottun á leyfiskerfi KSÍ var því staðfest og framlengd um eitt ár.

## Leyfisreglugerð – útgáfa 3.1

Á fundi stjórnar KSÍ í lok október var samþykkt ný útgáfa af leyfisreglugerð KSÍ og tók hún gildi í leyfisferlinu sem hófst í nóvember. Meðal breytinga má nefna kröfur um lögformlega stöðu og uppbyggingu leyfisumsækjanda, innihald og bókhaldskröfur vegna undirbúnings ársreiknings og mats endurskoðanda á ársreikningi, kröfur um mat á rekstrarhæfi og nýja kröfu um tengilið félags við fatlaða stuðningsmenn.

# MANNVIRKI



# Gervigras...

## Kurl án skaðlegra efna

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum í október breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga, þar sem kemur m.a. fram að kurl í gervigrasi skuli vera af viðurkenndri gerð, ljóst að lit og án efna sem teljast skaðleg heilsu eða mengandi. Var það í samræmi við samþykkt stjórnar KSÍ frá því fyrr í sama mánuði þar sem samþykkt var að mæla gegn notkun á endurnýttum hjólbörðum í nýjum völlum með knattspyrnugrasi og við endurnýjun eldri valla.

## Dvergurinn tekinn í notkun

Á árinu tóku FH-ingar í notkun knatthúsið Dverginn í Kaplakrika. Húsið er 51 metri á lengd og 25 metrar á breidd, er með hitablásurum og klætt tvöföldum dúk svo það mun aldrei verða kaldara en 8° yfir veturinn. Á opunarhátíðinni tóku iðkendur í 8. flokki fyrstu spyrnuna í húsinu og svo fór fram stuttur leikur milli okkar yngstu iðkenda.

## Gervigrasvellir

Valsmenn tóku það skref á árinu að leggja gervigras á aðalleikvang sinn að Hlíðarenda og er því ljóst að í efstu deild karla 2016 verða þrjú lið með gervigras á sínum völlum – Valur, Stjarnan og nýliðar Þróttar, sem endurnýjuðu sitt gervigras á árinu. Gervigrasið í Egilshöll var einnig endurnýjað og þá var lagt gervigras á keppnisvöll Álftanes.

## Úthlutað til 19 verkefna

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum í apríl úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ. Þetta var í áttunda skiptið sem úthlutað er úr sjóðnum en ný reglugerð um sjóðinn tók gildi í byrjun árs 2012. Alls var úthlutað til 19 verkefna, samtals 82 milljónum króna en 21 umsókn barst. Vilyrði fyrir styrk þarf að endurnýja fyrir þau verkefni sem ekki hófust á árinu. Í samræmi við reglugerð um sjóðinn nutu forgangs þær umsóknir sem miða að því að uppfylla kröfur vegna leyfiskerfis KSÍ. Sjóðnum er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja til þess að skapa iðkendum, stjórnendum, áhorfendum og öðrum sem besta aðstöðu.u.

Úthlutanir úr Mannvirkjasjóði KSÍ 2015:

Umsókn	Verkefni	Styrkveiting
Álftanes	Gervigrasvöllur	7.500.000
Breiðablik	Kaup á miðasöluhúsi	1.000.000
Einherji	Framkvæmdir við vallahús	3.000.000
FH	Bygging Dvergsins - knatthús	10.000.000
FH	Bygging Fullstór - knatthús í fullri stærð	15.000.000
Fjarðabyggð	Bygging áhorfendastöðu	7.000.000
Fram	Framkvæmdir í Úlfarsárdal	4.000.000
Haukar	Nýtt gervigras á aðalvelli	5.000.000
Hvöt	Vallahús	1.000.000
ÍBV	Bygging fjölmiðlaaðstöðu á Hásteinsvelli	1.000.000
Keflavík	Ljósleiðari við Knattspyrnuvöll Keflavíkur	500.000
Kormákur	Girðing í kringum völl	500.000
Leiknir R.	Framkvæmdir við völl	8.000.000
Leiknir F.	Framkvæmdir við völl	1.500.000
Njarðvík	Ný varamannaskýli	500.000
Sindri	Framkvæmdir við völl	1.000.000
Stjarnan	Framkvæmdir við völl	5.000.000
Tindastóll	Yfirbyggður gervigrasvöllur	10.000.000
Víkingur	Ný varamannaskýli	500.000

# FJÁRMÁL



UNNARSSON

es.1946  
ní. 2013



# EUROPEAN

# Rekstur í jafnvægi...

Þessi kafli fjallar í samanteknu máli um heildarfjármagn sem fer til íslenskra félaga í gegnum KSÍ og UEFA. Þegar þær greinar sem koma hér á eftir eru teknar saman kemur í ljós að um 480 milljónir króna renna til aðildarfélaga KSÍ. Í þessari tölu er þó t.a.m. ekki tekið tillit til yfirtöku KSÍ á kostnaði félaga við ferðir og upphald dómara.

## 82 milljónir króna til barna- og unglingastarfs

Hluti þeirra tekna sem UEFA hafði af Meistaradeildinni keppnistímabilið 2014/2015 rann til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna- og unglinga, samkvæmt ákvörðun UEFA sem tilkynnt var um í nóvember. Uppgjör vegna Meistaradeildarinnar sem lauk vorið 2015 fór fram um haustið og fengu íslensk félög um 40 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglingastarfs. UEFA setti eftirfarandi skilyrði fyrir greiðslu sinni:

- Greiðslan færi í gegnum viðkomandi knattspyrnusamband.
- Aðeins félög sem léku í efstu deild og uppfylltu lágmarkskröfur leyfiskerfis viðkomandi knattspyrnusambands varðandi barna- og unglingastarf gætu fengið greiðslu.
- Fjárhæðin skiptist á milli félaganna samkvæmt ákvörðun stjórnar viðkomandi knattspyrnusambands.
- Félög sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA 2014/2015 skyldu ekki fá hlutdeild í þessari greiðslu.

Í samræmi við ofangreind skilyrði staðfesti stjórn KSÍ að framlag UEFA rynni til þeirra félaga sem léku í Pepsi-deild karla árið 2015, en í þeirri deild hefur KSÍ innleitt leyfiskerfi (m.a. kröfur um samþykka áætlun um uppeldisstarf). Stjórn KSÍ samþykkti jafnframt að leggja til um 42 milljónir króna til viðbótar sem skiptist á milli aðildarfélaga í öðrum deildum og utan deilda,

en skipting á framlagi til barna- og unglingastarfs var þá með þeim hætti að félög úr Pepsi-deild fengu kr. 3.350.000 (sem er fyrrgreint framlag UEFA), félög úr 1. deild fengu kr. 1.600.000, félög í 2. deild karla fengu kr. 1.100.000 hvert, önnur félög í deildarkeppni kr. 800.000 og félög utan deildarkeppni kr. 250.000. Úthlutun var háð því að félög hafi haldið úti starfsemi í yngri flokkum og urðu félög utan deildarkeppni og félög sem ekki héldu úti starfsemi hjá báðum kynjum að sækja sérstaklega um framlag. Samþykkt stjórnar KSÍ byggði á samráði við aðildarfélögin og almennri sátt um skiptingu fjármunanna. Greiðslan til félaganna var skilyrt þannig að hún skyldi renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglinga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna. Dæmi um kostnaðarliði í þessu starfi eru laun þjálfara, ferðakostnaður vegna þátttöku í keppni, aðstöðuleiga, kaup á tækjum og áhöldum. Samtals var því framlag til barna- og unglingastarfs fyrir árið 2015 um 82 milljónir króna.

## Um 256 milljónir vegna þátttöku í UEFA-keppnum

Þau íslensku félög sem tóku þátt í UEFA-keppnum 2015 fengu í sinn hlut samtals um 256 milljónir króna, en framlög UEFA vegna leikja í forkeppni hækkaði verulega milli ára. Stjarnan fékk um 78 milljónir (550.000 evrur) fyrir Íslandsmeistaratitilinn og þátttöku í forkeppni Meistaradeildar UEFA, (UEFA Champions League). FH og KR fengu hvort um sig um 58 milljónir (410.000 evrur á lið) fyrir þátttöku í forkeppni Evrópu deildar UEFA (UEFA Europa League) og Víkingur R. fékk um 28 milljónir (200.000 evrur) fyrir þátttöku í sömu keppni. Kvinnalið Stjörnunnar fékk svo rúmar 8 milljónir króna (60.000 evrur) vegna þátttöku í Meistaradeild kvenna (UEFA Women's Champions League). Stjarnan var fyrst íslenskra félagsliða til að taka þátt í Unglingadeild UEFA (UEFA Youth

League) og fékk styrk frá UEFA að upphæð 3,7 milljónir (26.000 evrur). Auk þessa fengu félög sem tóku þátt í Evrópukeppni 2014 framlög vegna sekta UEFA á þau félög í Evrópu sem ekki stóðust kröfur um fjárhagslega háttvísi (Financial Fair Play) skv. reglum þar um. FH, Fram, KR og Stjarnan fengu í sinn hlut um 5,5 milljónir króna hvert félag, eða samtals 22 milljónir króna.

## Framlag UEFA 606 milljónir

Hér að framan hefur verið greint frá framlögum UEFA til íslenskra félagsliða, en þau námu alls um 256 milljónum króna. Þá er ótalið framlag UEFA til KSÍ að upphæð 350 milljónir króna. Þetta gerir því alls um 606 milljónir króna.

## 120 milljónir fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi

Félög í Pepsi-deild og Borgunarbikar fengu sérstakar greiðslur fyrir sjónvarpsréttindi samtals að upphæð um 120 milljónir króna. KSÍ greiddi um 71 milljónir króna af þeirri upphæð en meginhlutinn, 100 milljónir króna var vegna Pepsi-deilda, en 20 milljónir vegna Borgunarbikars. Innifalið í þessum tölum er verðlaunafé samkvæmt töflunni hér fyrir aftan.

### Pepsi-deild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	FH	1.000.000
2	Breiðablik	700.000
3	KR	500.000
4	Stjarnan	300.000
5	Valur	300.000
6	Fjölnir	300.000
7	ÍA	300.000
8	Fylkir	300.000
9	Víkingur R.	200.000
10	ÍBV	200.000
11	Leiknir R.	200.000
12	Keflavík	200.000
		4.500.000

Borgunarbikar karla		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	KR	500.000
3-4	ÍBV	300.000
3-4	KA	300.000
5-8	FH	200.000
5-8	Fjölnir	200.000
5-8	Fylkir	200.000
5-8	Víkingur R.	200.000
9-16	Afturelding	137.500
9-16	Breiðablik	137.500
9-16	Fjarðabyggð	137.500
9-16	Grindavík	137.500
9-16	KV	137.500
9-16	Stjarnan	137.500
9-16	Víkingur Ó.	137.500
9-16	Þróttur R.	137.500
		4.000.000

Pepsi-deild kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Breiðablik	1.000.000
2	Stjarnan	700.000
3	Selfoss	500.000
4	Þór/KA	300.000
5	ÍBV	300.000
6	Fylkir	300.000
7	Valur	300.000
8	KR	300.000
9	Afturelding	200.000
10	Þróttur R.	200.000
		4.100.000

Borgunarbikar kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Stjarnan	1.000.000
2	Selfoss	500.000
3-4	Fylkir	300.000
3-4	Valur	300.000
		2.100.000

## Styrkir til leyfisumsækjenda 22,8 milljónir króna

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í janúar að greiða öllum 24 félögunum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistíma-bilið 2015 styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Ákveðið var að greiða hverju félagi í Pepsi-deild karla kr. 1.100.000 og í 1. deild kr. 800.000, sama upphæð og árið á undan, sem greiddist í tveimur hlutum.

Fjárhæðinni er fyrst og fremst ætlað að standa undir þeim kostnaði sem félögin verða fyrir vegna endurskoðunar

og gerðar ársreikninga félaganna. Heildarupphæð þessara styrkja var því kr. 22.800.000 vegna leyfisumsókna fyrir keppnistímabilið 2015.

## Útgjöld vegna dómgæslu 111 milljónir króna

Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu á árinu voru alls 111 milljónir króna og er það hækkun um 10 milljónir milli ára. Þess má geta að árið 2008 var þessi tala tæpar 50 milljónir króna og þar af greiddu félögin tæpar 13 milljónir vegna ferða og uppihalds dómara. Kostnaður vegna dómgæslu hefur því vaxið mikið á síðustu árum. Stærstu liðirnir í ár, eins og áður, voru ferðakostnaður, laun og tengd gjöld, um 100 milljónir króna.

Eins og fyrri ár ákvað stjórn KSÍ að sambandið myndi taka yfir ferða- og uppihaldskostnað dómara fyrir árið 2015 í öllum deildum beggja kynja og í leikjum Borgunarbikarsins. Þar með var ljóst að niður féllu öll gjöld í jöfnunarsjóði sem gerð er krafa um í þátttökutilkynningum mfl., sem og allar slíkar greiðslur til dómara af hálfu aðildarfélaga á vettvangi í þeim keppnum þar sem það fyrirkomulag hefur verið viðhaft. Við þetta lækkaði kostnaður félaganna um hátt í 58 milljónir króna.

## Ferðapátttökugjald

Á ársþingi KSÍ 2015 var samþykkt ályktun um að taka upp ferðapátttökugjald. Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks greiða kílómetragjald sem reiknað er af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils, skv. vegalengd milli leikstaða fyrir hverja deild fyrir sig og hvern riðil fyrir sig. Upphæðin er nettó kostnaður á hvert félag fyrir sig. Félög sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau skulu fá inneign greidda skv. útreikningum mótanefndar. Sett var bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2015 sem var þannig að þau félög sem urðu að greiða gjaldið greiddu að hámarki kr. 75.000 á lið. KSÍ lagði svo til það fjármagn sem upp á vantaði. Alls var greitt til félaga rúmar 10 milljónir króna, tæpar 5 milljónir voru greiddar af aðildarfélögum, en KSÍ lagði fram 5,4 milljónir.

Hér að neðan má sjá lista yfir þau félög sem fengu greitt vegna ferðakostnaðar.

Pepsi-deild karla	ÍBV	588.000
Pepsi-deild karla	ÍA	101.200
Pepsi-deild karla	Keflavík	92.000
		781.200

1. deild karla	Fjarðabyggð	1.449.733
1. deild karla	Bí/Bol	921.733
1. deild karla	KA	274.533
1. deild karla	Þór	274.533
1. deild karla	Víkingur Ó	2.133
		2.922.665

2. deild karla	Leiknir F	311.033
2. deild karla	Huginn	305.033
2. deild karla	Höttur	194.233
2. deild karla	Sindri	173.033
2. deild karla	Njarðvík	23.033
		1.006.365

3. deild karla	Völsungur	655.120
3. deild karla	Einherji	324.720
3. deild karla	Magni	156.720
3. deild karla	KFS	43.120
		1.179.680

4. deild karla A	Máni	681.886
------------------	------	---------

4. deild karla B	Skallagrímur	35.429
4. deild karla B	Snæfell	231.429
		266.858

4. deild karla C	Hörður Í	768.286
------------------	----------	---------

4. deild karla D	Kormákur/Hvöt	337.714
------------------	---------------	---------

Pepsi-deild kvenna	Þór/KA	1.039.200
Pepsideild kvenna	ÍBV	311.200
		1.350.400

1. deild kvenna 1	Keflavík	131.600
1. deild kvenna 1	ÍA	124.400
1. deild kvenna 1	Haukar	82.000
		338.000

1. deild kvenna 2	Víkingur Ó	318.571
1. deild kvenna 2	Grindavík	28.571
		347.142

1. deild kvenna 3	Sindri	245.429
1. deild kvenna 3	Tindastóll	180.229
		425.658

Alls greiðslur til félaga		10.405.854
Framlag KSÍ		5.420.573
Framlag félaga		4.985.281
Mismunur		-

## Rekstur KSÍ í samræmi við áætlun

Rekstur KSÍ á árinu 2015 var í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun á ársþingi 2015. Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2015 námu 1.112 milljónum króna samanborið við 1.067 milljónir króna árið á undan. Hækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af auknu framlagi frá FIFA. Rekstrarkostnaður KSÍ var um 956 milljónir króna og hækkar frá fyrra ári um 46 milljónir króna sem skýrist af hækkun á kostnaði við landslið, fræðslustarfsemi og við rekstur sambandsins.

Rekstrarhagnaður ársins nam 156 milljónum króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir 144 milljóna króna hagnaði.

Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður KSÍ 157 milljónir króna. Styrkir og framlög til aðildarféлага námu á árinu 147 milljónum króna vegna sjónvarps- og markaðsréttinda, styrkja til barna- og unglíngastarfs, leyfiskerfis og fleira og er í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarféлага var hagnaður KSÍ um 11 milljónir króna á árinu 2015. Eignir námu 581 milljón króna en þar af var handbært fé 152 milljónir. Eigið fé KSÍ var 221 milljón króna í árslok 2015.



# Knattspyrnusamband Íslands

---

Ársreikningur samstæðu

---

**2015**

Knattspyrnusamband Íslands  
Laugardalsvelli  
104 Reykjavík  
kt. 700169-3679

---

# Knattspyrnusamband Íslands

---

Ársreikningur samstæðu

---

## 2015

### Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna	2
Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-12
Sundurliðanir	13

---

# Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna

## Til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Knattspyrnusambands Íslands fyrir árið 2015. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og sundurliðanir.

### Ábyrgð stjórnenda og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórnendur og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 5. febrúar 2016

### Deloitte ehf.

  
Björn Ingi Victorsson  
endurskoðandi

  
Birna María Sigurðardóttir  
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn Knattspyrnusambands Íslands

  
Haukur Gunnarsson

  
Dýri Guðmundsson

# Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra

---

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum innan Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli. Fjöldi ársverka á reikningsárinu var 16.

Hagnaður Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2015 nam um 10,5 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir um 581,3 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er um 221,6 m.kr.

Að álitum stjórnenda og framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Formaður, gjaldkeri, og framkvæmdastjóri KSÍ staðfesta hér með samstæðuársreikning KSÍ fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. febrúar 2016

## Stjórnendur og framkvæmdastjóri



Geir Þorsteinsson  
formaður



Gylfi Orrason  
gjaldkeri



Klara Bjartmarz  
framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	Raun 2015	Áætlun 2015	Raun 2014
Styrkir og framlög .....		584.466.354	604.800.000	537.435.720
Tekjur af landsleikjum .....		59.147.443	40.000.000	40.686.308
Sjónvarpsréttur .....		367.820.932	380.000.000	392.563.275
Aðrar tekjur .....		35.769.846	38.700.000	39.231.703
Rekstrartekjur Laugardalsvallar .....	12	65.087.041	64.800.000	56.623.962
		<u>1.112.291.616</u>	<u>1.128.300.000</u>	<u>1.066.540.968</u>
Kostnaður við landslið .....		(448.783.953)	(492.980.000)	(420.505.591)
Mótakostnaður .....		(145.169.447)	(142.900.000)	(140.562.704)
Fræðslukostnaður .....		(47.953.986)	(38.000.000)	(35.045.215)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(208.421.944)	(197.320.000)	(193.415.013)
Húsnæðiskostnaður .....		(20.793.250)	(21.400.000)	(20.600.484)
Annar rekstrarkostnaður .....		(7.269.729)	(7.000.000)	(17.627.961)
Rekstrargjöld Laugardalsvallar .....	12	(64.278.884)	(69.700.000)	(65.103.094)
Afskriftir fastafjármuna .....	6	(13.189.045)	(15.000.000)	(16.710.574)
		<u>(955.860.238)</u>	<u>(984.300.000)</u>	<u>(909.570.636)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>156.431.378</b>	<b>144.000.000</b>	<b>156.970.332</b>
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs .....		27.750.000	15.000.000	29.258.105
Kostnaður vegna mannvirkjasjóðs .....		(27.750.000)	(15.000.000)	(29.258.105)
Fjármunatekjur .....	4	7.944.004	10.000.000	9.248.485
Fjármagnsgjöld .....	5	(2.835.057)	(1.000.000)	(3.351.182)
Gengismunur .....		(3.964.098)	0	(2.090.448)
<b>Hagnaður fyrir styrki og framlög til aðildarfélaga</b>		<b>157.576.227</b>	<b>153.000.000</b>	<b>160.777.187</b>
Styrkir og framlög til aðildarfélaga .....	13	(147.062.633)	(153.000.000)	(149.882.655)
<b>Hagnaður ársins</b>		<b><u>10.513.594</u></b>	<b><u>0</u></b>	<b><u>10.894.532</u></b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Fastafjármunir</b>	6		
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		266.377.759	280.565.194
		<u>266.377.759</u>	<u>280.565.194</u>
<b>Veltufjármunir</b>	7		
Viðskiptakröfur .....		157.556.977	135.386.996
Aðrar skammtímakröfur .....		4.933.388	11.302.064
Handbært fé .....		152.442.291	211.268.515
		<u>314.932.656</u>	<u>357.957.575</u>
<b>Eignir</b>		<u>581.310.415</u>	<u>638.522.769</u>
<b>Eigið fé</b>	8		
Óráðstafað eigið fé .....		221.583.391	211.069.797
Eigið fé		<u>221.583.391</u>	<u>211.069.797</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	9	100.742.249	157.730.949
		<u>100.742.249</u>	<u>157.730.949</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	9	143.961.488	154.055.368
Viðskiptaskuldir .....	10	52.858.499	44.259.813
Aðrar skammtímaskuldir .....	10	62.164.788	71.406.842
		<u>258.984.775</u>	<u>269.722.023</u>
Skuldir		<u>359.727.024</u>	<u>427.452.972</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>581.310.415</u>	<u>638.522.769</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		156.431.378	156.970.332
Bakfærðir reiknaðir rekstarliðir .....	6	13.328.618	14.571.824
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>169.759.996</b>	<b>171.542.156</b>
Rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(15.801.305)	14.830.330
Rekstrartengdar skuldir lækkun .....		(67.725.948)	(124.664.842)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>86.232.743</b>	<b>61.707.644</b>
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur .....	4	7.944.004	9.248.485
Greidd vaxtagjöld, gengism. og fjármagnstekjuskattur .....		(6.799.155)	(5.441.630)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>87.377.592</b>	<b>65.514.499</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Seldir (Keyptir) varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	858.817	(3.090.584)
		858.817	(3.090.584)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Styrkir og framlög til aðildarféлага .....	13	(147.062.633)	(149.882.655)
		(147.062.633)	(149.882.655)
Lækkun handbærs fjár .....		(58.826.224)	(87.458.740)
Handbært fé í upphafi árs .....		211.268.515	298.727.255
Handbært fé í lok árs .....		152.442.291	211.268.515

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KSÍ fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

### Samstæða

Ársreikningur KSÍ samstæðunnar tekur til ársreikninga KSÍ, KSÍ ehf., KSÍ-íslensk knattspyrna ehf. og KSÍ-Laugardalsvallar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá KSÍ.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Hluti tekna KSÍ hafa verið greiddur fyrirfram og eru tekjurnar innleystar í rekstrarreikningi á því tímabili sem þær tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2015	2014	31.12.2015	31.12.2014
Evra (EUR) .....	146,30	154,86	141,32	154,27
Bandaríkjadalur (USD) .....	131,85	116,75	129,59	126,90
Svissneskur franki (CHF) .....	137,08	127,50	130,50	128,29

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, nema skrifstofur og fræðslusetur KSÍ en þar eru styrkir sem KSÍ fékk vegna byggingarinnar dregnir frá kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengismunar. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sambandið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og launatengd gjöld skrifstofu

	2015	2014
Laun .....	108.321.006	105.764.955
Launatengd gjöld .....	27.847.879	21.336.858
	<u>136.168.885</u>	<u>127.101.813</u>

Laun til formanns og framkvæmdastjóra sambandsins á árinu 2015 voru samtals 33 milljónir króna.

Stöðugildi að meðaltali .....	16	15
-------------------------------	----	----

## 4. Fjármunatekjur

	2015	2014
Vaxtatekjur .....	7.944.004	9.248.485
	<u>7.944.004</u>	<u>9.248.485</u>

# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	2015	2014
Fjármagnstekjuskattur af vöxtum .....	(1.352.516)	(1.822.125)
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....	(1.482.541)	(1.529.057)
	<u>(2.835.057)</u>	<u>(3.351.182)</u>

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofur og fræðslusetur	Bifreiðar	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	260.088.578	19.314.618	142.796.106	422.199.302
Eignfært á árinu .....	0	0	1.328.342	1.328.342
Selt á árinu .....	0	(3.102.309)	0	(3.102.309)
Staða í árslok .....	<u>260.088.578</u>	<u>16.212.309</u>	<u>144.124.448</u>	<u>420.425.335</u>
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	18.134.008	10.485.423	113.014.676	141.634.107
Afskrift ársins .....	2.600.885	2.437.577	8.150.583	13.189.045
Selt á árinu .....	0	(775.577)	0	(775.577)
Staða í árslok .....	<u>20.734.893</u>	<u>12.147.423</u>	<u>121.165.259</u>	<u>154.047.575</u>
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	241.954.570	8.829.195	29.781.430	280.565.194
Bókfært verð í árslok .....	<u>239.353.685</u>	<u>4.064.886</u>	<u>22.959.189</u>	<u>266.377.759</u>
Afskriftarhlutföll .....	1%	20%	0-33%	
Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:			Fasteignamat	Váttrygginga- mat
Skrifstofur og fræðslusetur .....			208.150.000	499.950.000

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Innlendar viðskiptakröfur .....	42.439.892	59.825.017
Erlendar viðskiptakröfur .....	123.717.085	81.261.979
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(8.600.000)	(5.700.000)
	<u>157.556.977</u>	<u>135.386.996</u>

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	4.711.805	5.654.046
Aðrar kröfur .....	221.583	5.648.018
	<u>4.933.388</u>	<u>11.302.064</u>

# Skýringar

## 7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum

	31.12.2015	31.12.2014
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	152.251.100	211.160.030
Bankainnstæður í erlendri mynt .....	5.553	10.685
Sjóður .....	185.638	97.800
	<u>152.442.291</u>	<u>211.268.515</u>

## 8. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	Fjárhæð
Staða 1.1.2014 .....	200.175.265
Hagnaður ársins 2014 .....	10.894.532
Staða 1.1.2015 .....	211.069.797
Hagnaður ársins 2015 .....	10.513.594
	<u>221.583.391</u>

## 9. Fyrirframinnheimtar tekjur

KSÍ gerði á árinu 2008 tvo samninga við Sportfive um samstarf aðila sem leiddi til þess að fyrirtækið hafði einkarétt á sölu sjónvarpsréttar og tiltekins markaðsréttar KSÍ út árið 2015. Í framhaldi af ákvörðun UEFA að taka yfir sölu sjónvarpsréttar og tiltekins markaðsréttar af öllum leikjum í undankeppni EM 2016 og undankeppni HM 2018 náði KSÍ samkomulagi við Sportfive vegna þessara breytinga. UEFA greiddi KSÍ á árinu 1,9 milljónir evra eða rúmar 302 milljónir króna vegna þessa á árinu sem tekjufærast með jöfnum hætti á árunum 2014–2018. Samtals nema tekjur vegna sölu sjónvarps- og markaðsréttar 9,5 milljónum evra sem tekjufærðar verða á 4 árum.

KSÍ gerði samning um sjónvarpsrétt við 365 á árinu. Gildistími samningsins er frá 2016 til 2021.

UEFA greiddi KSÍ á árinu 2012 fyrirfram 2 milljónir evra sem tekjufærðar eru með jöfnum hætti til loka ársins 2015.

### Fyrirframinnheimtar tekjur sundurliðast með eftirfarandi hætti

	31.12.2015	31.12.2014
Fyrirframgreiðslur vegna sölu á sjónvarpsrétti og öðrum réttindum .....	37.134.014	0
Fyrirframinnheimtar tekjur UEFA .....	167.573.723	311.786.317
Fyrirframinnheimtar tekjur FIFA .....	39.996.000	0
Tekjur 2016/2015 vegna sjónvarpsréttar og UEFA framlaga .....	(143.961.488)	(154.055.368)
Fyrirframinnheimtar tekjur, langtímahluti í árslok .....	100.742.249	157.730.949

## 10. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Innlendar viðskiptaskuldir .....	50.477.594	41.625.730
Erlendar viðskiptaskuldir .....	2.380.905	2.634.083
	<u>52.858.499</u>	<u>44.259.813</u>

# Skýringar

## 10. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Laun og launatengd gjöld .....	57.371.720	39.295.406
Aðrar skuldir .....	4.793.068	32.111.436
	<u>62.164.788</u>	<u>71.406.842</u>

## 11. Gjaldmiðlaáhætta

Sambandið býr við gjaldmiðlaáhættu vegna erlendra viðskiptakrafna, handbærs fjár í erlendum gjaldmiðlum og viðskiptaskulda í erlendum gjaldmiðlum.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhættu greinist þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Viðskiptakröfur .....	123.717.085	81.261.979
Bankainnstæður .....	5.553	10.685
Viðskiptaskuldir .....	(2.380.905)	(2.634.083)
	<u>121.341.733</u>	<u>78.638.581</u>

## 12. Laugardalsvöllur

Rekstrartekjur og -gjöld Laugardalsvallar eru sýnd sérstaklega og greind frá öðrum rekstrartekjum og -gjöldum samstæðunnar, að afskriftum undanskildum. Aðrir rekstrarliðir og efnahagsliðir eru færðir meðal sambærilegra liða í samstæðureikningnum. Viðskiptum innan samstæðu er eytt út við gerð samstæðureiknings. Rekstrarreikningur Laugardalsvallar sundurliðast á eftirfarandi hátt.

	Raun 2015	Áætlun 2015	Raun 2014
Framlög og styrkir .....	47.820.320	51.000.000	49.912.283
Tekjur af leikjum og mótum .....	10.980.000	11.800.000	15.300.000
Aðrar tekjur .....	2.777.836	0	1.911.679
Laun og tengd gjöld .....	(29.255.308)	(29.400.000)	(28.427.758)
Rekstur mannvirkja .....	(23.454.188)	(25.100.000)	(24.472.869)
Annar rekstrarkostnaður .....	(11.569.388)	(12.200.000)	(12.202.467)
Afskriftir .....	(1.275.824)	(3.000.000)	(2.076.622)
Fjármunatekjur .....	73.439	0	21.520
Fjármagnsgjöld .....	(32.764)	0	(27.711)
Tap ársins .....	<u>(3.935.877)</u>	<u>(6.900.000)</u>	<u>(61.945)</u>
Framlag KSÍ vegna taprekstrar 2007-2013 .....	0	0	33.026.655
Framlag Rvk.borgar vegna taprekstrar 2007-2013 .....	11.008.885	11.000.000	0
Hagnaður ársins .....	<u>7.073.008</u>	<u>4.100.000</u>	<u>32.964.710</u>

Eigið fé Laugardalsvallar er neikvætt í árslok um 26 m.kr. en var í ársbyrjun neikvætt um 33 m.kr.

## 13. Styrkir og framlög til aðildarfélaga

Á árinu 2015 ákvað stjórn KSÍ að úthluta 41,5 m.kr. til aðildarfélaga, annarra en þeirra sem léku í Pepsi-deild karla, vegna barna- og unglíngastarfs, en félögin í Pepsi-deild karla fengu sambærilegan styrk frá UEFA að upphæð um 40 m.kr. Auk þessa greiddi KSÍ félögum í Pepsi-deild karla vegna útsendingar- og markaðsréttar 71,1 m.kr. og félögum í leyfiskerfinu 22,8 m.kr. Ennfremur greiddi KSÍ ferðabátttökugjald, verðlaunafé og fleira að fjárhæð ríflega 11,6 m.kr. á árinu.

## 14. Samningar KSÍ og Reykjavíkurborgar

Knattspyrnusamband Íslands, fyrir hönd Laugardalsvallar, gerði þann 13. ágúst 2014 samning við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar. Samningurinn tók gildi í ársbyrjun 2014 og gildir út árið 2025. Fyrri samningur fellur úr gildi frá og með sama tíma. Framlög Reykjavíkurborgar til rekstrar vallarins nema rúmlega 49,9 m.kr. frá 2014-2016, en rúmlega 44,2 m.kr. frá 2017 og út samningstímamann. Greiðslur taka mið af vísitölu neysluverðs.

Auk þess skuldbundu Reykjavíkurborg og KSÍ sig til að leggja fram samtals kr. 66.053.310 vegna aukins rekstrarkostnaðar Laugardalsvallar á árunum 2007-2013, eða kr. 33.026.655 hvor aðili um sig. Framlag Reykjavíkurborgar tekjufærist með þremur jöfnum greiðslum á árunum 2015, 2016 og 2017.

## 15. Samstarfssamningur við ÍTF

Knattspyrnusamband Íslands og Íslenskur toppfótbolti (samtök félaga í efstu deild) undirrituðu yfirlýsingu um samstarf á árinu 2013. Í yfirlýsingunni felst m.a. að KSÍ skuldbindur sig til að félögin í efstu deild (auk félaga sem taka þátt í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ) fái 120 m.kr. fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi af deildarkeppni og bikarkeppni 2014 og 2015 óháð markaðsvirði þeirra réttinda. Þegar KSÍ gerðist aðili að sameiginlegri sölu réttinda á vegum UEFA frá undankeppni EM 2016 og HM 2018, eins og öll aðildarsambönd UEFA, var gert samkomulag við Sportfive um þá breytingu. KSÍ tók í kjölfarið við skuldbindingum Sportfive vegna efstu deildar og bikarkeppninnar næstu tvö keppnistímabil en er um leið fullur þátttakandi í sameiginlegri sölu sjónvarps- og markaðsréttinda á vegum UEFA.

## 16. Önnur mál

Á árinu vísaði hæstiréttur máli KSÍ ehf. gegn Landsbankanum hf. frá og í framhaldinu hófst vinna við nýja málsókn. Málið snýst um meint ólögmeitt lán tengt gengi erlendra gjaldmiðla sem upphaflega var tekið á árinu 2006.


Á árinu lauk að mestu vinnu við endurnýjun á flóðljósum á Laugardalsvelli til að mæta kröfum UEFA um bættu lýsingu. Áfallinn kostnaður á árinu var 131,5 m.kr. en hann var að öllu leyti greiddur af UEFA. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum á árinu 2016 en eftir er frágangur á tengiskápum.

## 17. Samþykki ársreiknings



Ársreikningurinn var samþykktur á fundi með stjórnendum, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum þann 5. febrúar 2016.

# Sundurliðanir

	Raun 2015	Áætlun 2015	Raun 2014
<b>Styrkir og framlög</b>			
ÍSí .....	35.036.850	28.800.000	30.805.819
Íslenskar getraunir .....	5.520.023	6.000.000	5.998.089
UEFA-styrkur .....	356.413.536	382.000.000	375.999.067
FIFA-styrkur .....	133.745.945	128.000.000	75.785.575
Ýmsir styrkir .....	53.750.000	60.000.000	48.847.170
	<u>584.466.354</u>	<u>604.800.000</u>	<u>537.435.720</u>
<b>Tekjur af landsleikjum</b>			
Aðgöngumiðasala .....	59.147.443	40.000.000	40.686.308
	<u>59.147.443</u>	<u>40.000.000</u>	<u>40.686.308</u>
<b>Sjónvarpsréttur</b>			
Sjónvarpsréttur .....	362.170.132	380.000.000	392.563.275
Sjónvarpsréttur innanlands .....	5.650.800	0	0
	<u>367.820.932</u>	<u>380.000.000</u>	<u>392.563.275</u>
<b>Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið .....	287.848.443	304.700.000	244.862.066
Yngri landslið .....	133.046.063	158.950.000	142.696.006
Sameiginlegur landsliðskostnaður .....	27.889.447	29.330.000	32.947.519
	<u>448.783.953</u>	<u>492.980.000</u>	<u>420.505.591</u>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Laun .....	108.321.006	110.300.000	105.764.955
Launatengd gjöld .....	27.847.879	24.320.000	21.336.858
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður .....	72.253.059	61.200.000	66.313.200
	<u>208.421.944</u>	<u>195.820.000</u>	<u>193.415.013</u>



# NO TO RACISM



RESPECT

UEFA.org